



M.Acc ritgerð

Reikningsskil og endurskoðun

Væntingabil í endurskoðun

Ábyrgð endurskoðandans varðandi sviksemi

Erna Aðalheiður Karlsdóttir

Leiðbeinendur: Einar Guðbjartsson, dósent
Björn Óli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Væntingabil í endurskoðun
Ábyrgð endurskoðandans varðandi sviksemi

Erna Aðalheiður Karlsdóttir

Lokaverkefni til M.Acc-gráðu í viðskiptafræði
Leiðbeinendur: Einar Guðbjartsson, dósent og
Björn Óli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi

Viðskiptafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Væntingabil í endurskoðun

Ábyrgð endurskoðandans varðandi sviksemi

Ritgerð þessi er 18 eininga lokaverkefni til M.Acc prófs við Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2016 Erna Aðalheiður Karlsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Svansprent

Reykjavík, 2016

Formáli

Þessi ritgerð er meistaraverkefni í M.Acc námi í Reikningsskilum og endurskoðun við Háskóla Íslands. Ritgerðin og rannsóknin voru unnin haustið 2015 og vorið 2016. Leiðbeinendur voru Einar Guðbjartsson, dósent við Háskóla Íslands og Björn Óli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi. Höfundur vill þakka þeim fyrir gott samstarf og góðar leiðbeiningar í gegnum allt ritgerðarferlið. Einnig fá þakkir þau sem hafa aðstoðað með yfirllestur og ábendingar.

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að kortleggja stöðu á væntingabili í endurskoðun varðandi sviksemi hér á landi með hollenska rannsókn að fyrirmynd. Farið var yfir lögbundna skyldu endurskoðandans varðandi sviksemi sem og skyldur stjórnenda. Sá sem ber ábyrgðina á því að hafa bókhald og rekstur félaga í réttum horfum eru stjórnendur félagsins enda byggir endurskoðandi vinnu sína á því hvernig fyrirkomulag eftirlits er háttað í félaginu. Endurskoðandinn skal ávalt hafa í huga við endurskoðun að sviksemi geti átt sér stað í félaginu og haga vinnu sinni í samræmi við það. En það er ekki meginmarkmið með endurskoðun að koma upp um sviksemi heldur að gefa álit á því hvort reikningsskilin í heild séu áreiðanleg og sett fram í samræmi við lög og reglur.

Væntingabili í endurskoðun er skipt í þrjá hluta. Það fyrsta er vegna ófullnægjandi frammistöðu endurskoðandans, þ.e. þegar endurskoðandinn uppfyllir ekki þær lögbundnu skyldur sem honum ber. Annar hlutinn er ófullnægjandi staðlar og/eða regluverk. Það er þegar reglur, lög og endurskoðunarstaðlar sem endurskoðandanum ber að fara eftir eru ekki að uppfylla þær væntingar sem notandi reikningsskilanna hefur. Það þriðja er vegna óraunhæfra væntinga notandans. Þá hefur hann væntingar um að endurskoðandinn uppfyllir skyldur eða ábyrgð sem ekki er raunhæft að hann geri eða væri einfaldlega of kostnaðarsamt.

Rannsókn þessi var byggð upp að hollenskri fyrirmynd þar sem rannsakað var væntingabil í endurskoðun með tilliti til ábyrgð endurskoðandans í sviksemismálum. Þar í landi voru gerðar breytingar á fræðslustarfsemi til endurskoðenda og endurskoðendafyrirtækja vegna niðurstöðu hennar.

Rannsóknin var framkvæmd með þeim hætti að spurningalistar voru sendir út til stjórnenda og endurskoðenda til að meta stöðuna á væntingabilinu varðandi sviksemi. Einnig var lagt upp með að hafa bankastarfsmenn með í úrtakinu en þeirra þátttöku var hafnað af bönkunum. Spurningakönnun var lögð fyrir stjórnendur og endurskoðendur skipt í eftirfarandi flokka:

- Hvað telst til sviksemi
- Alvarleiki brota

- Ábyrgð endurskoðandans á því að uppgötva og rannsaka sviksemi
- Tilkynningarskylda endurskoðenda
- Óhæði endurskoðenda

Af þeim 34 spurningum sem lagðar voru fyrir stjórnendur og endurskoðendur mældist væntingabil vegna 15 þeirra. Væntingabil var skilgreint sem marktækur munur á svörum milli hópanna. Þær 15 spurningar sem mældust með væntingabil voru síðan flokkaðar eftir því hversu sammála stjórnendur voru um mikilvægi innihalds spurningarinnar og hversu hár munurinn á meðaltalinu hjá hópunum var. Þá voru fjórar spurningar sem mældust bæði með hátt væntingabil og stjórnendur sammála um mikilvægi þess. Þær spurningar voru vegna ábyrgðar endurskoðandans að uppgötva sviksemi og ábyrgðar endurskoðandans að tilkynna sviksemi. Bæði atriðin telja stjórnendur meira til ábyrgðar endurskoðandans en endurskoðendur. Niðurstöðurnar voru bornar saman við niðurstöður úr hollenskri rannsókn (Hassink o.fl., 2009) og niðurstaðan sú kom í ljós að þau væntingabil sem mældust hér á landi voru sambærileg og í Hollandi. Sérstaklega það sem varðar ábyrgð endurskoðandans að uppgötva sviksemi en vísbendingar um slíkt væntingabil hafa fundist í fleiri löndum. Eitt sem getur mögulega orðið til þess að minnka slíkt væntingabil er breyting á þeim endurskoðunarstöðlum sem endurskoðandinn ber að fara eftir. Í lok árs 2016 tekur í gildi nýjir og breyttir staðlar vegna áritunar endurskoðandans sem ætlað er að útskýra betur fyrir notendum reikningsskila hvað endurskoðun felur í sér og getur mögulega átt þátt í því að minnka þetta væntingabil.

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	9
Töfluskrá.....	9
1 Inngangur.....	10
1.1 Markmið verkefnisins	12
2 Fræðilegur bakgrunnur	14
2.1 Væntingabil í endurskoðun.....	14
2.2 Breytingar á hlutverki endurskoðenda varðandi sviksemi	15
3 Sviksemi	16
3.1 Sviksemi samkvæmt Alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ISA.....	17
3.2 Hvað eru sviksemi í reikningsskilum	18
3.3 Hvernig er svik stunduð	18
3.4 Íslenskir dómar.....	19
4 Ábyrgðarsvið endurskoðenda	21
4.1 Endurskoðandinn og endurskoðun.....	21
4.2 ISA 200: Heildarmarkmið endurskoðenda.....	22
4.3 ISA 240: Sviksemisáhætta í endurskoðun.....	23
4.3.1 Sniðganga stjórnenda	24
4.3.2 Tekjuskráning	25
4.3.3 Segja sig frá verkefni	25
4.3.4 Tilkynningarskylda.....	25
4.3.5 Eining tengd almannahagsmunum (PIE).....	26
4.4 ISA 315 Áhætta á verulegri skekkju	26
4.5 ISA 330 Viðbrögð endurskoðanda við áhættu.....	26
4.6 ISA 320. Mikilvægismörk.....	27
4.7 Siðareglur endurskoðenda.....	28
4.7.1 Heilindi	28
4.7.2 Hlutlægni.....	28
4.7.3 Fagleg hæfni og varkárni.....	28
4.7.4 Trúnaður.....	28
4.7.5 Fagleg hegðun	29
4.8 Lög um ársreikninga.....	29
4.9 Lög um hlutafélög	29
4.10 Endurskoðunarnefndir	30
4.11 Lög um fjármálafyrirtæki	30

5	Aðgerðir til að minnka væntingabil	32
6	Rannsóknin og aðferðafræðin	33
6.1	Spurningalisti	33
6.2	Viðmælendur	34
6.2.1	Endurskoðendur	34
6.2.2	Bankastarfsmenn	34
6.2.3	Stjórnarmenn	34
6.3	Siðferðileg álitamál	35
6.4	Annmarkar	35
6.5	Úrvinnsla gagna.....	36
7	Svör við spurningakönnun	37
7.1	Spurningar um viðmælendur	37
7.2	Skilgreining á sviksemi og alvarleiki brota	38
8	Væntingabil.....	43
8.1	Ónæg frammistaða	43
8.2	Ónægir staðlar/reglur	44
8.3	Óraunhæfar væntingar	44
9	Niðurstöður.....	45
9.1	Skylda endurskoðenda til að uppgötva sviksemi.....	46
9.2	Tilkynningarskylda endurskoðenda við lögbundna endurskoðun	47
9.3	Tilkynningarskylda endurskoðenda við ráðgjafþjónustu	48
9.4	Stjórnendur sammála og lágt væntingabil.....	48
9.5	Stjórnendur sammála og hátt væntingabil.....	49
9.6	Stjórnendur lítið sammála og lágt væntingabil.....	50
9.7	Tillögur um úrbætur.....	50
9.8	Aðrar niðurstöður	51
10	Umræður.....	52
	Heimildaskrá.....	53

Myndaskrá

Mynd 1: Uppbygging á væntingabili í endurskoðun (Porter, 1993).....	15
Mynd 2 Aldursdreifing stjórnenda.....	37
Mynd 3. Aldursdreifing endurskoðenda.....	38
Mynd 4. Spurningar sem mældust með væntingabil.	46

Töfluskrá

Tafla 1. Svarhlutfall þátttakenda	37
Tafla 2. Skilgreining á sviksemi.	39
Tafla 3. Alvarleiki brota.....	39
Tafla 4. Ábyrgð endurskoðenda.....	40
Tafla 5. Tilkynningarskylda endurskoðenda.	41
Tafla 6. Óhæði endurskoðenda.	42

1 Inngangur

Þegar kemur að vinnu endurskoðenda hefur oft verið áberandi mikið misræmi milli þess sem fólk telur vera hlutverk endurskoðenda og hversu mikla ábyrgð endurskoðendur í raun og veru bera á lögbundinni þjónustu sinni. Endurskoðendur eru oft harðlega gagnrýndir fyrir að hafa ekki gert athugasemdir við reikningsskil í áritun sinni ef upp koma t.d. fjárhagserfiðleikar eða jafnvel gjaldþrot. Sérstaklega voru þeir gagnrýndir þegar stórar fjármálastofnanir hrundu eins og spilaborgir í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 (Michael Rapoport, 2010).

Það virðist algengur misskilningur að stórt hlutverk eða jafnvel aðalhlutverk endurskoðenda sé að rannsaka og uppræta sviksemi. Það er efni þessarar ritgerðar m.a. að rannsakaðar skyldur og ábyrgðir endurskoðenda þegar kemur að svikum og fjáldrætti fyrirtækja sem þeir endurskoða eins og þær koma fram í íslenskum lögum og reglum. Einnig er farið yfir þá alþjóðlegu endurskoðunarstaðla (e. International Standards of Auditing, ISA) sem endurskoðendum ber að fara eftir. Sérstaklega er lögð áhersla á endurskoðunarstaðalinn ISA 240 sem fjallar um svikemisáhættu í endurskoðun. Endurskoðendur þurfa að fara eftir íslenskum lögum, alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum og siðareglum endurskoðenda. Ábyrgð endurskoðenda samkvæmt þessum reglum verður síðan borið saman við þá ábyrgð sem notendur reikningsskila telja endurskoðendur bera.

Fram kemur í ítarlegum siðareglum endurskoðenda að „Aðalsmerki endurskoðendastéttarinnar er að starfa með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi“ (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Ef traust og trú stéttarinnar verður fyrir höggi þegar sviksemi og fjáldráttur kemur í ljós eftir endurskoðað uppgjör getur það leitt til minnkandi álit almennings á stéttinni í heild sinni. Því þarf að bregðast við til að viðhalda og betrubæta ímynd endurskoðenda á Íslandi.

Væntingabil í endurskoðun hefur verið skilgreint sem munurinn á þeim væntingum sem notandi reikningsskila hefur til frammistöðu eða vinnu endurskoðandans á móti þeim væntingum sem endurskoðandinn sjálfur hefur (Liggio, 1974). Væntingabilinu er síðan skipt í þrjá þætti sem skilgreindir eru eftir því hvort væntingabilið megi rekja til

vankanta af hálfu endurskoðanda, þeim lögum og reglum sem hann fylgir eða óraunhæfum væntingum notenda reikningsskilanna (Porter, 1993).

Þegar stór fyrirtæki fara í þrot þarf það ekki að vera vegna sviksemi eða þjófnaðar. En þegar óheiðarleiki er ástæða þrotsins enda mál oft fyrir dómstólum. Þrátt fyrir að endurskoðendur séu oft látnir bera ábyrgð í augu almennings og fjölmiðla þá er það oftast ekki sama sagan þegar kemur að dómstólum. Þegar um stór gjaldþrot er að ræða hafa endurskoðendur mjög sjaldan verið sóttir til saka og sakfelling enn sjaldgæfari (Bollen o.fl., 2005). Í því samhengi er átt við að sviksemi hafi átt sér stað innan fyrirtækisins og endurskoðendur voru ytri endurskoðendur.

Upp kom áhugi hjá rannsakanda á efni ritgerðinnar vegna fréttáflutnings af sviksemismáli þar sem sett var út á endurskoðendur fyrir að hafa ekki komið upp um málið fyrr en raunin var. Þess vegna var áhugi fyrir því að skoða hvaða skyldur endurskoðendur bera gagnvart því að uppgötva sviksemi.

Þegar endurskoðandi áritar reikningsskil og hefur farið eftir öllum lögum og reglum sem honum ber, telur hann sig uppfylla þær skyldur sem á honum hvíla. En ef það nægir ekki til að uppfylla væntingar þeirra sem kaupa og njóta þjónustunnar þarf að athuga hvort breytingar séu þarfar og hverju ætti að breyta. Hægt væri að breyta upplifun notenda reikningsskila á þrjá vegu. Í fyrsta lagi er hægt að breyta aðferðum endurskoðandans þegar hann endurskoðar reikningsskilin með breytingum á lögum og reglum. Í öðru lagi er hægt að breyta hvernig stjórnendum ber að setja fram reikningsskil. Í þriðja lagi er hægt að breyta því hvernig notandinn les reikningsskilin með aukinni fræðslu. Ef staðan á væntingabilinu er skýr þá er auðveldara að bregðast við því með fræðslu til notenda reikningsskila og jafnvel breytingu á regluverki. Þekking á væntingum er fyrsta skrefið þegar kemur að því að minnka væntingabilið. Nauðsynlegt er að stjórnendur sem setja fram reikningsskilin, endurskoðendur sem yfirfara og árita reikningsskilin og þeir sem nýta sér upplýsingar úr reikningsskilunum séu meðvitaðir um hlutverk og ábyrgð allra viðkomandi aðila.

1.1 Markmið verkefnisins

Markmiðið er að varpa ljósi á það væntingabil sem er á milli endurskoðenda og stjórnenda annars vegar og endurskoðenda og notendum reikningsskila hins vegar. Einnig að skýra hvað veldur væntingabili á Íslandi og hvað sé hægt að gera til að minnka bilið sem mest.

Með stjórnendum er átt við þá aðila sem bera ábyrgð á framsetningu reikningsskila félaga þ.e. framkvæmdastjórar og fjármálastjórar. Framkvæmdastjóri ber þessa ábyrgð skv. 68. gr. laga um hlutafélög. Með hagsmunaaðilum eða notendum reikningsskila er átt við þá sem hafa hagsmuni að gæta gagnvart viðkomandi félagi og geta meðal annars verið fjárfestar, hluthafar, lánveitendur og eftirlitsaðilar. Þessar fjárhagsupplýsingar geta gert notendum kleift að taka skynsamlegar fjárhagslegar ákvarðanir byggðar á þeim. Mikilvægt er að reikningsskilin gefi glögga mynd (e. True and fair view) af fjárhagsstöðu félagsins. (Erling Tómasson, 2010)

Rannsóknir gefa til kynna að væntingabil sé til staðar á Íslandi á milli endurskoðenda, stjórnenda og almennings og þá sérstaklega þegar kemur að því að koma upp um fjársvik (Hildur Ýr Þórðardóttir og Kristín Hreiðarsdóttir, 2013). Þess vegna er mikilvægt að skoða nánar af hverju þetta væntingabil stafar svo hægt sé að bregðast við því.

Efni þessarar ritgerðar mun einblína sérstaklega á væntingabilið þegar kemur að sviksemi og fjárdrætti. Ef of mikið væntingabil er til staðar er hætt á að hvorki stjórnendur, starfsmenn né endurskoðendur geri ráð fyrir að þeir séu ábyrgir fyrir því að uppræta sviksemi ef hún á sér stað. Þá getur komið upp sú staða að þeim sem ber að koma í veg fyrir og uppgötva svik séu ekki nógu meðvitaðir um eigin ábyrð. Það getur leitt til þess að sviksemi sé síður uppgötvuð.

Þegar upp kemst um fjárdrátt, svik eða önnur ólögleg eða siðlaus athæfi er oft spurt hvers vegna endurskoðendur hafa ekki verið búnir að koma upp um þessi mál fyrir löngu. Fréttaflutningur setur oft miklar kröfur og ábyrgð á endurskoðendastéttina þegar slík mál líta dagsins ljós. Oft koma upp atriði þar sem störf endurskoðenda samræmast ekki þeim hugmyndum sem margir hafa. Ef svik og fjárdráttur á sér stað er mikilvægt að þeir sem hafa bestu aðstöðuna til að koma upp um slíkt séu meðvitaðir um sitt hlutverk. Ef allir benda á næsta mann viðgangast slík athæfi frekar. Því verður í þessari ritgerð

rannsakað stöðu á væntingabili í endurskoðun er varðar sviksemi á Íslandi og hvernig væntingabilið skiptist samkvæmt fræðilegri skilgreiningu.

Niðurstaða rannsóknarinnar getur gefið vísbendingar um stöðu væntingabilsins á Íslandi og á hvaða sviðum væntingabilið er. Niðurstöðurnar verða bornar saman við niðurstöður úr erlendum rannsóknum og gerðar tillögur um úrbætur.

Þær heimildir sem stuðst er við í ritgerð þessari eru meðal annars: Lög um ársreikninga, lög um endurskoðendur, lög um bókhald, siðareglur endurskoðenda og ISA 200, 240, 315, 320 og 330. Tilgangur heimildanna er meðal annars að gefa innsýn í ábyrgð og hlutverk aðila í sviksemismálum. Einnig verður farið yfir skilgreiningu á sviksemi og rannsóknum á fjárdráttar- og sviksemismálum. Mikið hefur verið rannsakað hvað liggur að baki fjárdráttar og aðferðir til að koma upp um svik eru margar (KPMG, 2013).

2 Fræðilegur bakgrunnur


Væntingabil í endurskoðun hefur verið rannsakað lengi og skipt niður í þætti eftir því hvaða orsök liggur að baki væntingabilsins. Einnig hefur hlutverk endurskoðenda breyst í tímann rás og þó að hlutverkið hafi verið að koma upp um sviksemi þá hafa viðskiptahættir og flóknari starfsemi breytt því.

2.1 Væntingabil í endurskoðun

Væntingabil í endurskoðun (e. Audit expectation gap) var nánar skilgreint og uppbyggingu þess skipt niður í þrjá hluta af Porter (1993).

- Væntingabil vegna óréttmæti (e. Reasonableness gap) er bilið milli væntinga almennings og þá frammistöðu sem er raunhæft/sanngjarnt að vænta af endurskoðendum.
- Væntingabil vegna frammistöðu (e. Performance gap) skiptist í tvennt:
 - Ófullnægjandi staðlar/reglur (e. Deficient standards gap) er bilið milli þess sem er raunhæft/sanngjarnt að notendur reikningsskila ætlast til af endurskoðendum og þess sem lög og reglur ætlast til af þeim.
 - Ónæg/ábótavön frammistaða (e. Deficient performance gap)

Í þessari rannsókn er stuðst við rannsókn Hassink o.fl. (2009). Þar er rannsökuð staðan á væntingabili í Hollandi með tilliti til ábyrgðar endurskoðenda í sviksemismálum. Væntingabilinu var skipt á þrjú svið líkt og skilgreint var af Porter (1993). Þrjú hópar voru hafðir til samanburðar í rannsókninni, endurskoðendur, stjórnendur fyrirtækja og bankastarfsmenn. Bankastarfsmenn voru hafðir með til að fá samanburðartölur við stjórnendur. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að töluvert væntingabil var til staðar bæði þegar um var að ræða frammistöðu endurskoðenda (Deficient performance gap) og hollenska regluverkið (Deficient standards gap). Væntingabil milli almennings og endurskoðenda hefur lengi verið til staðar og margar rannsóknir sýna fram á slíkt væntingabil í fleiri löndum. (Hassink o.fl., 2009)



Mynd 1: Uppbygging á væntingabili í endurskoðun (Porter, 1993)

1. Núverandi skyldur og ábyrgð endurskoðenda eins og kemur fram í lögum og reglum
2. Raunhæf frammistaða sem vænst er af endurskoðendum.

2.2 Breytingar á hlutverki endurskoðanda varðandi sviksemi

Í sögulegu samhengi skiptist ábyrgð endurskoðandans í fjögur tímabil samkvæmt Brendu Porter. Fyrir 1920 var uppræting sviksemi og fjárdráttar aðalmarkmið endurskoðandans. Þó kom fram að til of mikils væri ætlast af endurskoðandanum ef litið væri á hann sem fullkomna tryggingu fyrir því að engar ólögmætar færslur hafa átt sér stað. Á tímanum milli 1920 og 1960 fór sviksemi úr því að vera aðalmarkmið í að detta alveg út úr ábyrgðahlutverki endurskoðandans. Við lok þessa tímabils var bent á af endurskoðendum að ábyrgðin á því að uppræta sviksemi lægi hjá stjórn félaga. Á þessum tíma stækkuðu fyrirtæki gríðarlega og varð það sífellt erfiðara fyrir endurskoðendur að fara yfir hverja færslu hjá fyrirtækjum. Því þróuðust endurskoðunaraðgerðir úr því að athuga hverja færslu yfir í að fara yfir innra eftirlit fyrirtækja og nota úrtaksprófanir. Milli 1960 og 1980 varð aftur breyting á hlutverki endurskoðandans og sviksemi varð aftur að hluta til í verkahring endurskoðandans. Eftir 1980 jókst hlutverk endurskoðandans enn meira í uppgötvun sviksemi og nákvæmari skilgreiningar á ábyrgðarsviði endurskoðandans í því samhengi komu fram. (Porter, 1997)

3 Sviksemi

Sviksemi er vítt hugtak bæði í lagalegum skilningi og almennum skilningi. Í þessari ritgerð er notast við skilgreiningu í ISA 240: Þar er sviksemi (e. Fraud) skilgreint sem vísvitandi gjörningur framkvæmdur af einum eða fleiri aðilum innan eða utan félags sem notast við blekkingar til að ná fram ósanngjörnum eða ólögum árangri. Áhættuþættir í sviksemis (e. Fraud risk factors) eru skilgreindir sem atburðir eða aðstæður sem hvetja til eða þrýsta á um sviksemi eða aðstæður sem bjóða upp á sviksemi sem ólíklegra er að verði uppgötvuð. Í ISA 240 kemur fram að það sem skilur á milli mistaka og sviksemi er hinn undirliggjandi ásetningur gerandans. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements) Ásetningur er einnig skilyrði skv. XXVI kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til að hægt sé að dæma menn fyrir slík brot. Skekkjur og rangfærslur í reikningsskilum sem verða til vegna gáleysis eiga því ekki við í þessari rannsókn. ISA 240 skiptir sviksemi í tvo flokka. Sá fyrri er þjófnaður eigna eða fjármuna. Hinn síðari er röng upplýsingagjöf eins og til dæmis að skrá skáldaðar tekjur.

Ef endurskoðanda grunar að um sviksemi sé að ræða eða hefur vitneskju um slíkt er það ekki á hans starfssviði að ákvarða hvort brot á lögum hafa átt sér stað skv. ISA 240. Hins vegar skal hann láta vita ef hann hefur upplýsingar um sviksemi eða vísbendingar um slíkt til viðeigandi stjórnar eftir því á hvaða stigi sviksemin er. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

KPMG hefur árin 2007, 2011 og 2013 framkvæmt viðamiklar rannsóknir á sviksemismálum til að kortleggja einkenni, umhverfi og ástæður á bak við sviksemismál. Dregin var upp mynd af hinum „hefðbundna fjárvikara“ (e. Typical fraudster) með því að greina 596 sviksemistilfelli. Það var gert til að öðlast betri skilning á sviksemi og þar af leiðandi finna leiðir til að koma í veg fyrir og uppgötva svik þegar þau eiga sér stað. Í skýrslu frá 2013 kom fram að skilgreiningin á hinum hefðbundna fjárvikara var mjög lík skilgreiningunni frá því 2011. Í rannsókninni kom fram að flestir sem höfðu stundað sviksemi voru á milli 36 og 55 ára og höfðu unnið í félaginu í meira en 6 ár. Flestir

stunduðu sviksemi í samvinnu við aðra, enda auðveldara að fela slóð ef tveir eða fleiri vinna saman (KPMG, 2013).

Fram komu þrjú atriði sem þurfa alltaf að vera til staðar þegar svik eiga sér stað og er það skilgreint sem sviksemis þríhyrningurinn (e. The Fraud Triangle). Það er tækifæri, hvatning eða þrýstingur og réttlætning. Afbrotamaðurinn þarf að hafa tækifæri til að stunda svik, annað hvort hvatningu eða þrýsting og síðan þarf hann að geta réttlætt verknaðinn fyrir sjálfum sér. (KPMG, 2013)

3.1 Sviksemi samkvæmt Alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ISA

Einnig kemur fram í ISA 240 hvaða þættir þurfa að vera til staðar svo sviksemi geti átt sér stað líkt og kom fram í fyrri kafla og dæmi um slíkt er tekið fram.

Hvatning eða þrýstingur til að leggja fram fölsuð reikningsskil getur verið til staðar þegar stjórnendur er undir þrýstingi, frá aðilum innan eða utan félagsins til að ná ákveðnu hagnaðarmarkmiði hvort sem það er raunhæft eða óraunhæft. Sérstaklega þar sem það getur haft verulega slæmar afleiðingar fyrir stjórnendur félags að ná ekki markmiðum. Í sumum tilfellum hafa stjórnendur verulegan fjárhagslegan ávinning af því að sýna fram á betri stöðu félags en raunin er, vegna árangurstengdra launa eða bónussgreiðslna. Á sama hátt getur það verið hvatning fyrir einstaklinga að misnota/nýta í eigin þágu eignir félagsins, ef þeir lifa um efni fram eða eru í fjárhagsvandræðum.

Einstaklingar geta horft á það sem tækifæri til að stunda sviksemi þegar einstaklingur telur að hann geti sniðgengið eftirlitskerfi félagsins annað hvort vegna stöðu hans innan félagsins eða vegna vitneskju um ágalla í eftirlitskerfinu.

Einstaklingar geta mögulega réttlæt fyrir sjálfum sér sviksemislegt athæfi. Sumir einstaklingar búa yfir þannig viðmóti, persónueiginleikum eða siðferðislegum gildum sem gera það að verkum að þeir eru í standi til að fremja óheiðarlegan gjörning. En samt kemur það upp að annars heiðarlegir einstaklingar geta framið svik í umhverfi sem þrýstir nægilega mikið á þá. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

3.2 Hvað eru sviksemi í reikningsskilum

Í ISA 240 eru fjallað um fölsuð reikningsskil (e. Fraudulent financial reporting) sem endurskoðendum ber að vera á varðbergi gagnvart. Það eru reikningsskil sem innihalda vísvitandi rangfærslur sem geta verið fjárhagslegs eðlis eða útskýringar sem eru settar fram í þeim tilgangi að blekkja notendur reikningsskilanna. Rangfærslur geta meðal annars verið vegna aðgerða stjórnenda til að hagræða árangri eða hagnaði. Slíkar aðgerðir byrja oft smátt og stigmagnast með tímanum þangað til rangfærslur nema verulegum upphæðum. Tilgangurinn getur verið ýmist til að sýna hærri hagnað út á við eða lægri hagnað til að lágmarka skatta eða til að fá lán. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

3.3 Hvernig er svik stunduð

Í þessum kafla verður fjallað þær aðferðir sem ISA 240 fjallar um og endurskoðandanum ber sérstaklega að hafa varan á gagnvart.

Meðal annars er hægt að falska reikningsskil á eftirfarandi hátt:

- Falsa eða breyta skjölum eða gögnum sem reikningsskilin eru byggð á.
- Skrá rangar bókhaldsfærslur eða jafnvel sleppa færslum, útskýringum eða öðrum mikilvægum upplýsingum í reikningsskilunum sem hefðu átt að vera með.
- Fara ekki eftir réttum reikningsskilaaðferðum varðandi framsetningu á upplýsingum.

Sniðganga stjórnenda hefur oft verið ástæðan á bak við fölsuð reikningsskil. Þ.e. þegar stjórnendur nýta sér stöðu sína í félagi til að sniðganga þær eftirlitsaðgerðir sem eru til staðar til að koma í veg fyrir sviksemi. Þær aðferðir sem stjórnendur geta notað til að sniðganga eftirlitskerfi eru:

- Bóka skáldaðar færslur sérstaklega nálægt lok bókhaldstímabil til að breyta rekstrarniðurstöðu.
- Breyta forsendum sem eru notaðar til að meta bókhaldsliði.
- Sleppa því að greina frá atburðum eða viðskiptum sem áttu sér stað á bókhaldstímabilinu.
- Fara í flókinn viðskipti sem eru einungis byggð upp til að fela raunverulega fjárhagsstöðu félagsins eða rekstrarniðurstöðu.

- Breyta skjölum og skilyrðum sem tengjast verulegum og óhefðbundnum viðskiptum.

Með misnotkun á eignum er átt við þjófnaði á eignum félagsins og er oft framkvæmd í litlu magni í einu. Það geta þó líka verið stjórnendur sem eru í betri aðstöðu til að hylja gjörðir sínar á þann hátt að erfitt er að koma upp um þær. Margar aðferðir er hægt að nota til misnotkunar á eignum en þær eru meðal annars:

- Falsa kvittanir til dæmis með því að stela greiðslum fyrir viðskiptakröfum.
- Þjófnaður á eignum og fjármunum.
- Nota eigur fyrirtækisins í eigin þágu.

Þegar misnotkun eigna á sér stað fylgja oft fölsk skjöl eða gögn í þeim tilgangi að fela að eignirnar eru ekki til staðar lengur í félaginu eða hafa verið veðsettar án viðeigandi heimilda. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

3.4 Íslenskir dómur

Þegar fjárdráttur á sér stað eru einhverjir sem verða af fjármunum vegna þess. Sem dæmi má nefna að félög geta orðið af fjármunum sem starfsmenn stela, ríkið getur orðið af skattgreiðslum og kröfuhafar geta setið uppi með óinnheimtanlegar kröfur. Hér verður farið yfir tvo nýlega íslenska dóma þar sem sviksemi hefur átt sér stað.

Vorið 2016 féll dómur í Hæstarétti Íslands þar sem endurskoðendur voru dæmdir í skilorðsbundið fangelsi og sviptingu á löggildingu í 6 mánuði. Þeim var gefin sök að hafa áritað reikningsskil árin 2006 og 2007 hjá félagi án þess að reikningsskilin gæfu glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins. Var það vegna þess að hjá félaginu sem þeir endurskoðuðu var skráð krafa upp á rúma 5,2 milljarða yfir tveggja ára tímabil án þess að fyrir lægju fullnægjandi gögn að baki kröfunni. Þessi fjárhæð fór langt yfir þau mikilvægismörk sem endurskoðendurnir höfðu ákveðið að fjárhæð 100 milljónir króna. 5,2 milljarða króna krafan var stíluð á annað félag með sama eignarhald og hið endurskoðaða. Fjármunirnir höfðu verið notaðir til að greiða fyrir eignarhlut eigandanna í félaginu án þess að það kæmi til lækkunar á eigið fé þess. (Hrd. 28.apríl 2015 (74/20015)).

Í desember 2014 var kona dæmd fyrir fjárdrátt í starfi sínu hjá sveitarfélagi með því að millifæra fjárhæðir inn á einkareikning sinn. Í heild dró hún að sér yfir 26 milljónir króna og þrátt fyrir að hún hafi jatað brot sín fyrir dómi hafði hún ekki fjárhagslega burði til að endurgreiða fjárhæðina þar sem hún hafði eytt fjármunum í fjárhættuspil. (Hérd. Norðvest nr. S-25/2014)

4 Ábyrgðarsvið endurskoðenda

Í þessum kafla verður farið yfir ábyrgð og skyldur endurskoðenda eins og kemur fram í íslenskum lögum og reglum. Einnig er skoðað hvaða ábyrgð stjórn hefur á framsetningu reikningsskila og hvaða ábyrgð aðrir hafa sem koma að framsetningunni á annan hátt.

4.1 Endurskoðandinn og endurskoðun

Í 1. gr. í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 er að finna skilgreiningu á endurskoðun:

Endurskoðun: Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.

Í sömu lagagrein er að finna skilgreiningu á endurskoðanda:

Endurskoðandi: Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.

Til að gerast endurskoðandi þarf fyrst að ljúka viðurkenndu meistaranámi í reikningsskilum og endurskoðun, vinna undir handleiðslu endurskoðenda í þrjú ár og ljúka prófi til löggildingar. Enn fremur er sú krafa gerð að endurskoðandi hafi óflekkað mannorð og hafi haft forræði á sínu búi síðastliðin þrjú ár sbr. 2 gr. laga um endurskoðendur.

Í 30. gr. laga um endurskoðendur kemur fram að endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Heimilt er fyrir endurskoðendur að rjúfa þagnarskyldu með dómsúrskurði eða þeim ber skylda til samkvæmt lögum. Starfslok hafa ekki áhrif á þagnarskyldu endurskoðenda.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur er það skylda endurskoðenda að fylgja alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (e. International Standards on Auditing, ISA) sbr. 9. gr. laganna. Í þessari ritgerð er fjallað um þá staðla sem eiga við um sjálft endurskoðunarferlið er varðar sviksemi. Í 2. mgr. 8. gr. sömu laga kemur fram að endurskoðendur skulu fara eftir siðareglum fyrir endurskoðendur sem settar hafa verið

fram af Félagi löggiltra endurskoðenda en það eru mjög viðamiklar siðareglur upp á 136 blaðsíður. Það eru því víðtækar reglur sem endurskoðendum ber að fara eftir skv. lögum um endurskoðendur, til viðbótar við hin sjálfssögðu landslög sem allir þurfa að fylgja.

Nýleg Evróputilskipun nr. 56/2014 mun líklega breyta núverandi lögum um endurskoðendur. Tilskipunin er gefin út meðal annars til að auka vernd fjárfesta og auka opinbert eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Þar kemur fram að auka þurfi trúverðugleika á endurskoðuðum reikningsskilum frá einingar tengdum almannahagsmunum. Einingar tengdar almannahagsmunum (e. Public Interest Entities, PIE) eru skilgreindar í 1 gr. laga um endurskoðendur og eru það fyrirtæki með verðbréf skráð á markaði, fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög og lífeyrirssjóðir. Fyrir þá sem endurskoða slík félög gilda strangari reglur en fyrir þá sem endurskoða önnur félög.

Tilskipunin kveður einnig á um að þeir sem bera fyrst og fremst ábyrgð á framsetningu reikningsskila eru stjórnendur félagsins. Engu að síður er ávallt mikilvægt fyrir endurskoðendur að vera með faglega tortryggni og hafa í huga að veruleg skekkja gæti allt eins stafað af sviksemi eins og af mistökum (Directive 2014/56/EU).

4.2 ISA 200: Heildarmarkmið endurskoðenda

ISA 200 fjallar um heildarmarkmið endurskoðenda og endurskoðunarferlið í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Þar kemur fram að tilgangur endurskoðunar er að auka traust notenda á reikningsskilum með því að endurskoðandi staðfesti þá skoðun sína á að þau gefi glögga mynd af stöðu félags. Þrátt fyrir að reikningsskilin séu árituð af endurskoðanda fríar það ekki stjórnina frá sinni ábyrgð. Þess vegna er endurskoðun í samræmi við ISA byggð á því að stjórnendur staðfesti sína ábyrgð. Markmið endurskoðenda er að ná fram hæfilegri vissu um að reikningsskilin séu laus við verulegar villur hvort sem það er af sökum sviksemis eða mistaka. Hæfileg vissu er nægjanleg til að áhætta við að eitthvað hafi yfirsést sé hæfilega lág. (ISA 200 Overall Objectives of the Independent Auditor and the Conduct of an Audit in Accordance with International Standards on Auditing)

Endurskoðandinn nær hæfilegri vissu þegar hann hefur safnað saman nægilega mikið af gögnum til að ganga úr skugga um að endurskoðunaráhættan sé mjög lág. Endurskoðunaráhætta er sú áhætta að endurskoðandi gefi óviðeigandi álit á reikningsskilinn.

4.3 ISA 240: Sviksemisáhætta í endurskoðun

ISA 240 fjallar um hvernig endurskoðendum beri að haga vinnu sinni þegar líkur eru á að það sé veruleg skekkja til staðar í reikningsskilum vegna sviksemi. Megin ábyrgð á að koma í veg fyrir og koma upp um svik liggur hjá stjórnendum félaga. Mikilvægt er að stjórnendur leggi mikla áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir svik og geri það auðveldara að koma upp um svik. Sérstaklega er það gert með menningu og siðferði innan félagsins, því eftir höfðinu dansa limirnir. Einnig er það gert með virku eftirlitskerfi innan félagsins. Því er mikilvægt að endurskoðendur hafi í huga við endurskoðun hvernig og hvort stjórnendur hafi framið svik.

Þrátt fyrir að endurskoðendur framkvæmi endurskoðun í samræmi við endurskoðunarstaðla þá er alltaf hættu á að einhverjar villur yfirsjáist vegna eðli endurskoðunar. Ekki er farið yfir hverja og eina færslu sem félög gera heldur eru tekin úrtök og ferlar yfirfarnir. Áhættan að upp komi veruleg skekkja í reikningsskilum félags án þess að endurskoðandinn komist að því er oft meiri þegar um sviksemi er að ræða heldur en villur. Hvort endurskoðendur geti uppgötvað svik fer mikið eftir gerandanum, hæfileikum hans til að fela slóð sína og umfangi svikseminnar. Enn fremur getur reynt erfiðara að koma upp um sviksemi þegar stjórnendur eiga í hlut heldur en þegar um almenna starfsmenn er að ræða. Það er vegna þess að stjórnendur eru í þeirri stöðu að þeir geta sett fram falskar upplýsingar og sniðgengið þær eftirlitsaðgerðir sem hefðu átt að koma upp um sviksamleg athæfi hjá starfsmönnum.

Í gegnum allt endurskoðunarferlið skulu endurskoðendur viðhalda faglegri tortryggni og hafa í huga að sviksemi getur átt sér stað. Endurskoðendur skulu kynna sér það ferli sem stjórnendur notast við til að koma í veg fyrir og uppgötva sviksemi og hvar stjórnin telur mesta áhættu á svikum liggja. Einnig skulu endurskoðendur gera almennar fyrirspurnir til að komast að hvort einhver innan félagsins hefur grun eða vitneskju um sviksamleg athæfi.

Ef engar vísbendingar liggja fyrir um annað má endurskoðandinn líta á skjöl og gögn sem ósvikin. En ef eitthvað bendir til að gögn séu fölsuð eða breytt skal endurskoðandinn rannsaka nánar. Ef ósamræmi er til staðar í svörum við fyrirspurnum til stjórnenda skal endurskoðandinn rannsaka þau atriði nánar. Endurskoðunarteymið

skal funda um þá liði í reikningsskilunum sem hætta er á að innihalda verulega skekkju vegna sviksemi og ábyrgðaraðili verkefnisins tekur ákvörðun um hvaða liðir það skulu vera. Endurskoðendur skulu með fyrirspurnum til stjórnenda komast að því:

- Hvaða áhættur stjórnendur telji vera til staðar sem leiðir til þess að hætta sé á að reikningsskilin séu verulega röng.
- Hvaða ferla stjórnendur hafa til að koma upp um og bregðast við sviksemi í félaginu. Þar á meðal hvort þeir hafi orðið varir við eitthvað og hvaða liðir í reikningsskilunum þeir telja vera líkleg til að verða fyrir sviksemi.
- Hvernig stjórnendur koma sínum viðskiptaháttum og siðferði á framfæri til annarra starfsmanna.

Almennt er mikilvægt fyrir endurskoðandann að afla sér þekkingar á hvernig og hvort ferlar sem eiga að koma upp um og bregðast við sviksemi séu til staðar. Einnig skulu þeir í vinnu sinni gæta þess að hafa endurskoðunaraðgerðir ófyrirsjáanlegar. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

4.3.1 Sniðganga stjórnenda

Samkvæmt ISA 240 eru sniðganga stjórnenda og tekjuskráning tvö atriði sem endurskoðandi skal ávallt hafa í huga varðandi sviksemi. Þó er hægt að rökstyðja þá ákvörðun að líta ekki á tekjuskráningu sem áhættu ef það á ekki við í tilteknu félagi.

Stjórnendur eru í þeirri aðstöðu að auðveldara er fyrir þá að framkvæma sviksemi en aðra starfsmenn því þeir eiga auðveldara með að sniðganga eftirlistferla sem annars líta út fyrir að vera virkir. Þó er mismikil áhætta á sniðgöngu stjórnenda frá félagi til félags en hún er þó ávalt til staðar. Vegna þess hve óútreiknanleg slík athæfi eru þá er áhættan á verulegri skekkju í reikningsskilunum vegna sniðgöngu stjórnenda því alltaf metin sem veruleg áhætta (e. Significant risk). Óháð því hvaða áhættur vegna sniðgöngu stjórnenda endurskoðandinn metur vera til staðar skal hann alltaf skoða sérstaklega lokafærslurnar með það í huga hvort þær eiga rétt á sér.

Endurskoðandinn skal einnig fara yfir þá liði í reikningsskilunum sem eru háðir mati stjórnenda og skoða það sérstaklega með tilliti til þess hvernig sömu liðir hafa verið metnir fyrri ár. Einnig skal fara yfir einstakar færslur með háum fjárhæðum sem fara út fyrir eðlilega viðskiptahætti félagsins með það í huga hvort yfirhýlmingar eiga sér stað. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

4.3.2 Tekjuskráning

Veruleg skekkja í reikningsskilunum vegna sviksemi sem tengjast tekjuskráningu er oftast vegna ofmats á tekjum. Annað hvort vegna skráningar tekna á rangt tímabil eða skráningar á skálduðum tekjum. Sum félög eru í meiri áhættu vegna sviksemi varðandi tekjuskráningu. Þar á meðal skráð félög þar sem frammistaðan er metin í tekju- eða hagnaðaraukningu og félög þar sem stór hluti tekna er í gegnum staðgreiðslusölu. Endurskoðandinn getur metið það svo að ekki er hættu á sviksemi vegna tekjuskráningar í félagi en þá skal hann skjala ástæðuna fyrir því svo það mat hans sé rekjanlegt. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

4.3.3 Segja sig frá verkefni

Ef upp kemur sviksemi eða grunsemdir um slíkt sem gerir það að verkum að endurskoðandi telur sig ekki geta haldið endurskoðun áfram skal hann meta hvaða lagalegu ábyrgð hann hefur. Þar á meðal hvort honum ber að tilkynna hið grunaða eða staðfesta athæfi til þeirra sem réðu hann hvort sem það eru stjórnendur eða hluthafar eða til yfirvalda. Einnig þarf hann að meta hvort hann megi skv. lögum segja sig frá verkefninu. Ef hann tekur þá ákvörðun að segja sig frá verkefninu skal hann ræða við stjórnendur um uppsögn sína og ástæðu fyrir henni. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

4.3.4 Tilkynningarskylda

Ef endurskoðandinn hefur komið upp um eða grunar að sviksemi eigi sér stað innan félags skal hann meta hvort hann beri ábyrgð á því að tilkynna athæfið til aðila utan félagsins. Þrátt fyrir þagnarskyldu endurskoðandans getur tilkynningarskylda vegið ofar í sumum tilfellum.

ISA 240 gefur ekki upp nákvæmlega hvenær endurskoðandi skal tilkynna yfirvöldum um sviksemi innan félagsins enda eru staðlarnir notaðir víðs vegar í Evrópu og geta lög verið breytileg hvað þetta varðar á milli landa. Því hefur endurskoðandinn ekki tilkynningarskyldu til yfirvalda skv. ISA 240 en skoða skal sviksemina í samhengi við íslensk lög og brot á þeim rýfur þagnarskyldu endurskoðandans. Sú staða getur til dæmis komið upp ef sviksemin verður til þess að brot á skattalögum á sér stað. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

4.3.5 Eining tengd almannahagsmunum (PIE)

Þegar kemur að PIE félögum þá getur ábyrgðasvið endurskoðandans orðið breiðara og ekki einskorðast við sviksemi sem myndar verulega skekkju í reikningsskilunum heldur alla sviksemi og fer það eftir lögum í hverju landi fyrir sig. Síðar verður farið yfir þau íslensku lög sem eiga við um PIE félög. (ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements)

4.4 ISA 315 Áhætta á verulegri skekkju

ISA 315 fjallar um hvernig endurskoðendur eiga að meta áhættu á verulegri skekkju með því að skilja félagið og umhverfi þess. Það á einnig við um innra eftirlit félagsins sérstaklega þann hluta sem viðkemur endurskoðuninni. Endurskoðendur skulu afla sér nægilegra upplýsinga og skilnings um starfsemi og starfsumhverfi félagsins félagsins, þar á meðal þær reikningsskilareglur sem eiga við, eignarhald félagsins, uppbyggingu stjórnar og skipuritið. Einnig skulu þeir afla upplýsinga um fjárfestingar og fjármögnun. Endurskoðendur skulu einnig leggja mat á hvort valdar reikningsskilareglur séu viðeigandi og framfylgt á réttan hátt. Á Íslandi geta sum félög valið að gefa út ársreikninga annað hvort samkvæmt íslenskum ársreikningalögum eða alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS). (ISA 315 Identifying and Assessing the Risks of Material Misstatement through Understanding the Entity and Its Environment)

4.5 ISA 330 Viðbrögð endurskoðanda við áhættu

ISA 330 fjallar um hvað endurskoðanda ber að gera ef hann telur að veruleg áhætta sé til staðar eftir að hafa farið eftir ISA 315 staðlinum. Ef endurskoðandi telur verulega áhættu vera til staðar ber honum að bregðast við og meta hvaða frekari aðgerðir þarf að framkvæma svo áhættan minnki niður fyrir ásættanleg mörk.

Hafa skal í huga að við endurskoðun geta fundist skekkjur sem eru metnar óverulegar og ásættanlegt er að þær séu ekki leiðréttar. Endurskoðandinn metur hvort slíkar skekkjur séu þess eðlis að þær myndu hafa áhrif á lesanda reikningsskilanna. Sem dæmi má nefna að mörg stærri félög gefa út reikningsskil þar sem námundað hefur verið í milljónum króna og telja má eðlilegt að litlar skekkjur upp á þúsundir króna myndu ekki skipta neinu máli fyrir lesandann og jafnvel ekki sjást breyting ef leiðrétt yrði. (ISA 330. The Auditor's Procedures in Response to Assessed Risks)

4.6 ISA 320. Mikilvægismörk

ISA 320 fjallar um mikilvægismörk sem eru notuð þegar endurskoðun er skipulögð og framkvæmd. Mikilvægismörk er hugtak sem almennt þýðir:

- Rangfærslu þar á meðal vantaldar fjárhæðir teljast verulegar ef þær í einu lagi eða samanlagt gætu eðlilega talið hafa áhrif á efnahagslegar ákvarðanir notenda reikningsskila.
- Mat á hvað er talið verulegt er aðstæðubundið.
- Mat á þau málefni sem eru veruleg fyrir notendur reikningsskilanna byggt á upplýsingabörf þeirra sem hópur. Það er ekki tekið tillit til mögulegra áhrifa á þarfir einstakara notenda.

Mikilvægismörkin eru ákveðin af endurskoðanandum og byggð á faglegu mati hans og tekur mið af þeim þörfum sem endurskoðandinn telur notendur reikningsskilanna hafa.

Því er það eðlilegt að endurskoðandinn gangi út frá því að notendur:

- Hafi þokkalega þekkingu á viðskiptum og bókhaldi og vilja til að skoða innihald reikningsskilanna af kostgæfni.
- Skilji hvernig reikningsskil eru undirbúin, sett fram og endurskoðuð með tilliti til mikilvægismarkna.
- Skilji þá óvissu sem er til staðar í matskenndum liðum og óvissu vegna framtíðaratburða.
- Taki skynsamlegar efnahagslegar ákvarðanir sem byggðar eru á upplýsingum úr reikningsskilum.

Mikilvægismörk eru notuð af endurskoðendum bæði við skipulagningu og framkvæmd. Einnig til að meta áhrif skekkju ef slíkt hefur komið í ljós við endurskoðun og til að móta skoðun sína fyrir áritun reikningsskilanna. Í skipulagningarferlinu eru mikilvægismörk notuð til að leggja mat á hversu há fjárhæð sem er rangfærð er talinn veruleg. Það er grundvöllur fyrir því hvernig áhættur verða metnar og hvaða endurskoðunaraðgerðir eru nauðsynlegar. Ekki nægir að líta einungis á upphæð mikilvægismarkna heldur skal einnig meta eðli og kringumstæður rangfærslna til að meta hvort þær séu verulegar. Þegar mikilvægismörk hafa verið ákveðin fyrir reikningsskilinn í heild sinni verða einnig sett mikilvægismörk fyrir einstaka liði (e. Performance materiality). Sú fjárhæð skal vera lægri en heildar mikilvægismörkin. Aðstæður eða atburðir sem koma í ljós við endurskoðunina geta leitt til þess að breyta þarf mikilvægismörkunum. (ISA320 Materiality in Planning and Performing an Audit)

4.7 Siðareglur endurskoðenda

Í siðareglum endurskoðenda er að finna mjög ítarlegar reglur um hegðun og hæfni endurskoðenda og dæmi um hvernig má leysa úr álitamálum. Siðareglurnar eru staðfestar af ráðherra og ber endurskoðendum að fylgja þeim sbr. 8. gr. laga um endurskoðendur. Hér verður farið yfir grundvallaratriði siðareglna og hvernig þau tengjast sviksemi.

4.7.1 Heilindi

Heilindi endurskoðanda fela í sér meðal annars að hann má ekki vísitandi tengjast áritun, skýrslum eða samskiptum ef hann telur að upplýsingarnar séu rangar, villandi eða settar fram af gáleysi (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Ef stjórn félags setur fram upplýsingar sem ekki teljast gefa glögga mynd af fjárhagstöðu félagsins er endurskoðendum ekki heimilt að setja nafn sitt við slíkt. Slíkar upplýsingar varða sviksemi ef þær blekkja notandann.

4.7.2 Hlutlægni

Endurskoðenda er ekki heimilt að veita þjónustu ef til staðar eru aðstæður sem geta haft áhrif á dómgreind hans svo sem hlutdrægni, hagsmunaárekstrar eða önnur óviðeigandi áhrif (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Jafnframt skal endurskoðandi getað skoðað gögn og sett fram skoðun sína án þess að hægt sé að setja spurningamerki við hag hans af slíkri vinnu.

4.7.3 Fagleg hæfni og varkárni

Endurskoðendum ber að viðhalda faglegri hæfni til að tryggja viðskiptavinum fullnægjandi faglega þjónustu í samræmi við gildandi staðla (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Skýrar kröfur eru að finna í 7. gr. laga um endurskoðendur að endurskoðendur viðhaldi faglegri þekkingu sinni með því að ljúka að lágmarki 120 klukkustunda endurmenntum á þriggja ára fresti.

4.7.4 Trúnaður

Endurskoðendum ber alltaf að virða trúnað viðskiptavina sinna bæði í starfi og utan þess. Undantekningartilfelli eru þegar lög kveða á um annað eða viðskiptavinur heimilar það sérstaklega. Þá er skýrt tekið fram að heimilt er að veita yfirvöldum upplýsingar um

lögbrot (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Því geta endurskoðendur þurft að rjúfa trúnað ef þeir verða varir við sviksemi sem brýtur í bága við íslensk lög.

4.7.5 Fagleg hegðun

Öllum endurskoðendum er óheimilt að haga sér á slíkan hátt að það geti kastað rýrð á starfsgreinina. Einnig er óheimilt að haga sér svo að þriðji aðili myndi álykta að atferlið kastaði neikvæðu ljósi á orðspor starfsgreinarinnar. Jafnframt er lögð sú skylda á starfsgreinina að framkoma sé með heiðarlegum og sannsöglum hætti (Félag löggiltra endurskoðenda, 2011). Þar sem orðspor endurskoðenda skiptir miklu máli fyrir starfsgreinina í heild sinni vegna eðli starfsins þá er mjög mikilvægt að almennt ríki traust og trú á endurskoðunarstéttinni.

4.8 Lög um ársreikninga

Samkvæmt 3 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrgir fyrir gerð ársreikninga og að þeir séu gerðir í samræmi við lög og reglur. Sumum félögum er skylt, en öllum heimilt að sæta endurskoðun. Samkvæmt 98 gr. laganna bera félög skyldu til að láta endurskoðanda endurskoða ársreikninginn ef félagið á eignir yfir 200 milljónir króna, rekstrartekjur á einu ári eru yfir 400 milljónir króna eða 50 starfsmenn eru í fullri vinnu. Þau félög sem ekki er skylt að láta endurskoða skulu þó velja sér skoðunarmann til að yfirfara bókhald félagsins og þarf viðkomandi að hafa viðeigandi þekkingu til þess.

4.9 Lög um hlutafélög

Lög um hlutafélög nr. 2/1995 3. mgr. 68 gr. kveða á um að félagastjórn beri að tryggja eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdarstjóri ber að sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og reglur og meðferð eigna sé með tryggilegum hætti. 1. mgr. 68 gr. skýrir frá því að félagsstjórn skuli sjá til þess að starfsemi og skipulag félagsins sé í góðu horfi. Í lögum um bókhald nr. 145/1994 er komið inn á ábyrgð félagsins á að bókhald sé haldið í samræmi við lög og reglur sbr. 5 gr. laganna. Endurskoðendur eiga að hafa greiðan aðgang að bókhaldi og upplýsingum til að framkvæma þær aðgerðir sem þeir telja nauðsynlegar sbr. 33. gr. laga um bókhald.

Stjórn félags ber að setja upp þann ramma og eftirlitskerfi sem þarf til að bókhald félagsins sé fært á réttan hátt og framkvæmdarstjórn ber að fylgja því eftir í daglegum rekstri. Það samræmist ISA 240 sem leggur ábyrgð á reikningskilum félags á stjórn þess.

4.10 Endurskoðunarnefndir

Félög sem skilgreind eru sem einingar tengdar almannahagsmunum (e. Public interest entities, PIE) í 1 gr. í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 lúta strangari kröfum varðandi endurskoðun til að tryggja óhæði og gagnsæi. Það eru félög með skráð verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði, lífeyrirssjóðir, lánastofnanir og váttryggingafélög. Í 108. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 kemur fram að hjá einingum tengdum almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd. Aðilar í þessari nefnd skulu vera óháðir endurskoðandanum og meirihluti nefndarmanna skulu vera óháðir einingunni. Lágmark einn nefndarmaður skal hafa góða þekkingu á reikningskilum og endurskoðun. Hlutverk nefndarinnar skv. b-lið. 108. gr. laga um ársreikninga er að hafa eftirlit með gerð reikningsskila, innra eftirliti og endurskoðun. Einnig leggja þeir mat á óhæði endurskoðenda sem og leggja fram tillögu um val á endurskoðanda. Hjá einingum tengdum almannahagsmunum ber stjórn þeirra að byggja tilnefningu endurskoðanda á tillögu nefndarinnar sbr. c-lið. 108. gr

Félögum sem ekki er skylt að hafa endurskoðunarnefnd geta þó tilnefnt slíka ef þeir telja hagsmunum félagsins betur borgið með því. Endurskoðunarnefnd bætist í hóp þeirra sem hafa það hlutverk að tryggja að reikningskil félagsins sé í réttu horfi og í samræmi við lög og reglur. Þó að endurskoðunarnefnd sé til staðar í félagi fírrar það ekki stjórn frá neinni ábyrgð varðandi reikningskil og fjármálaupplýsingar því aldrei er hægt að útvista ábyrgð.

4.11 Lög um fjármálafyrirtæki

Í lögum um fjármálafyrirtæki 161/2002 kemur fram að í 93. gr að endurskoðandi skuli fara eftir lögum um ársreikninga þegar hann endurskoðar félagið en upplýsingarskylda endurskoðandans er þyngri en almennt. Í 92. gr, kemur fram að ef endurskoðandi verður var við ágalla í rekstri sem geta veikt fjárhagsstöðu félagsins að því marki sem hann myndi synja um áritun eða gera fyrirvara eða ef lög, reglugerðir eða reglur sem félaginu ber að fylgja séu brotnar skal hann tilkynna stjórn og Fjármálaeftirlitinu. Það á

einnig við ef slíkt kemur upp í endurskoðunarstörfum hjá öðru félagi en varðar fjármálafyrirtæki. Slík tilkynning brýtur ekki gegn þeirri þagnarskyldu sem endurskoðandinn hefur og skal hann ekki sæta neins konar ábyrgð vegna tilkynningarinnar. Sambærilegt ákvæði er einnig í lögum um kauphallir nr. 110/2007 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994. Það er því mismunandi tilkynningarskylda fyrir endurskoðendur eftir því hvort þeir endurskoða almennt hlutafélag eða PIE félög.

5 Aðgerðir til að minnka væntingabil

Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) gaf út bækling árið 2011 í þeim tilgangi að minnka væntingabilið í endurskoðun. Í bæklingnum er farið yfir hvað endurskoðun felur í sér, faglegar kröfur sem gerðar eru til endurskoðenda og hver ber ábyrgð á ársreikningum. Þar kemur einnig fram að ábyrgð endurskoðenda er að kanna hvort reikningsskilin í heild sinni gefi glögga mynd af stöðu fyrirtækisins. Það er ekki á ábyrgð endurskoðenda að meta hvort fyrirtæki fari skynsamlega með fjármuni sína eða koma upp um svik innan fyrirtækisins.

Nú liggja fyrir breytingar á endurskoðunarstöðlum sem lúta að áritun endurskoðenda. Til að auka skilning hagsmunaaðila á ábyrgð endurskoðenda verður sú breyting gerð að meiri kröfur eru gerðar um að áritunin innihaldi viðameiri upplýsingar um endurskoðunarferlið. ISA 701 (e. Communicating Key Audit Matters in the Independent Auditor's Report) er nýr staðall sem tekur gildi 15. desember 2016. Hann á við um áritun endurskoðenda hjá einingum tengdum almannahagsmunum og önnur félög ef endurskoðendur telja hann eiga við. Í honum kemur fram að í áritun skal greina frá mikilvægum viðfangsefnum endurskoðunarinnar (e. Key audit matters) sem hafa verið rædd við stjórnendur félagsins. Þessum breytingum er ætlað að auka skilning notenda. (International Federation of Accountants, 2015).

Árið 2006 voru gerðar breytingar á áritun endurskoðenda og krafa var gerð um ítarlegri áritun endurskoðenda. Einnig var sett fram krafa að gerð væri grein fyrir ábyrgð stjórnenda á reikningsskilunum. Rannsóknir hafa bent til þess að þær breytingar höfðu lítil sem enginn áhrif á væntingabilið og áritun endurskoðandans væri það sem skipti máli. Þ.e. hvort hún væri fyrirvaralaus, neikvæð eða með ábendingum. Samkvæmt Gold o.fl. (2012) var ástæða þess að væntingabilið hafði ekki minnkað sú að breytingarnar á áritun endurskoðenda hafði ekki verið nægilega mikill. Það verður áhugavert að fylgjast með hvort nýju staðlarnir munu hafa þau áhrif á notendur sem vænst er til.

6 Rannsóknin og aðferðafræðin

Við framkvæmd rannsóknarinnar verður notast við meginlega aðferðafræði. Slík aðferð er viðeigandi í þessu tilviki þar sem verið er að mæla og kortleggja væntingar og skoðanir viðmælenda.

Notaður var spurningalisti sem var sendur á viðmælendur í tölvupósti. Spurningalistinn var hannaður með rannsókn Hassink o.fl. (2009) að fyrirmynd þar sem spurningar eru flokkaðar með tilliti til hvaða hluta væntingabils þær tilheyra (performance, standard eða reasonableness). Þessi aðferð hefur verið notuð í fleiri löndum til að kortleggja væntingabilið. Meðal annars í Egyptalandi (Dixon o.fl. 2006), Singapore (Best o.fl. 2001) og Malaysiu (Fadzly, 2004). Spurningarnar eru settar upp á Likert kvarða með 7 valmöguleikum frá sammála til ósammála. Áður en listinn var sendur á þáttakendur var hann yfirfarinn af aðilum úr öllum þremur viðmælendahópum til að tryggja að allar spurningar væru auðskiljanlegar.

6.1 Spurningalisti

Spurningalistinn skiptist í fimm megin svið líkt og í þeim rannsóknum sem hafðar voru til hliðsjónar.

1. Skilgreining á hvað er talið sviksemi og hversu alvarleg viðmælendur telja mismunandi tegundir afbrota.
2. Ábyrgð endurskoðenda á því að greina sviksemi.
3. Ábyrgð endurskoðenda á því að kanna nánar þegar grunur um sviksemi er til staðar.
4. Hvert endurskoðendur eiga að tilkynna sviksemi, þ.e. til stjórnar félaga, yfirvalda eða almennings.
5. Hvort endurskoðendur þurfi að segja sig frá verkefnum vegna sviksemi eða hvort þeir geti með góðum árangri krafist þess að úrbætur séu gerðar.

Einnig eru í spurningalistanum lýðfræðilegar spurningar um viðmælendur.

6.2 Viðmælendur

Viðmælendahópar eru valdir út frá þeim forsendum að þessir hópar ættu að hafa haldbæra þekkingu eða reynslu á reikningsskilum. Um þrjá hópa er að ræða. Fyrsti hópurinn eru endurskoðendur sem fara yfir reikningsskil. Annar hópurinn eru stjórnarmenn sem setja fram reikningsskilin. Nánar tiltekið er leitast eftir svörum frá framkvæmdarstjóra og fjármálastjóra en ekki stjórnarmeðlimum þar sem þeir eru oftast ekki hluti af daglegum rekstri fyrirtækja. Þriðji hópurinn eru fagaðilar þ.e. bankastarfsmenn á fyrirtækjasviði. Sá hópur er í þessu rannsóknarsamhengi ætlaðir sem notendur reikningsskila. Þeir eru valdir til samanburðar því ætla má að þeir hafi einhverja þekkingu á endurskoðun og reikningsskilum.

6.2.1 Endurskoðendur

Allir löggiltir endurskoðendur með virk réttindi samkvæmt lista á heimasíðu hjá Félagi löggiltra endurskoðenda fengu beiðni um þátttöku. Samtals 334 af 385 skráðum löggiltum endurskoðendum voru með virk réttindi (Félag löggiltra endurskoðenda, e.d.).

6.2.2 Bankastarfsmenn

Bankastarfsmenn á fyrirtækjasviði áttu að vera í þessu úrtaki því störf þeirra eru þess eðlis að þeir þekkja betur fjármál og reikningsskil félaga en almennigur. Bankar veita lán til félaga og eru þannig hagsmunaaðili eða notandi reikningsskila. Sendur var spurningalisti á þrjá stærstu bankana í þeim tilgangi að fá samband við fyrirtækjasvið til að fá vilyrði fyrir því að senda á starfsmenn þess sviðs. En ekki fékkst samþykki fyrir þátttöku.

6.2.3 Stjórnarmenn

Öllum netföngum hjá 300 stærstu fyrirtækjum á Íslandi var safnað saman nema þegar netföng stjórnenda voru aðgengileg á heimasíðu félagsins, þá var notast við netföng stjórnenda (300 stærstu, 2015). Þar á eftir var sendur tölvupóstur á almenn netföng fyrirtækja og óskað eftir netföngum hjá framkvæmdarstjóra og fjármálastjóra. Þegar svör við almenna tölvupóstinum voru komin var send beiðni á öll netföng sem höfðu fengist. Samtals voru 151 þátttökubeiðnir sendar.

6.3 Siðferðileg álitamál

Ekki verður leitast við að safna persónuupplýsingum í rannsókninni og verður hún framkvæmd með upplýstu samþykki þannig að ekki var nauðsynleg að sækja um leyfi frá Persónuvernd fyrir gerð rannsóknarinnar. Þátttakendum var kynnt um tilgang rannsóknarinnar sem og valkvæð þátttaka sem heimilt væri að afturkalla á hvaða stigi rannsóknar sem er. Rannsóknin er að öllu leyti nafnlaus og verða svör ekki rakin til einstakra þátttakenda né fyrirtækja.

6.4 Annmarkar

Eins og fram hefur komið fékkst einn hópur svarenda ekki til þátttöku í rannsókninni. Þ.e. starfsmenn banka á fyrirtækjasviði. Svar fékkst frá bönkunum að ekki var áhugi fyrir þátttöku. Mismunandi svör fengust um hvers vegna þátttöku var hafnað en ekkert svar var á þann veg að viðfangsefni rannsóknarinnar væri ástæðan fyrir höfnun. Niðurstöður verða því einungis miðaðar við tvo hópa, endurskoðendur og stjórnendur.

Það getur haft áhrif á niðurstöðurnar að ekki allir þátttakendur svöruðu öllum spurningum og því gæti myndast einhver skekkja vegna þess. Þessi spurningakönnun fjallar um hugafar og viðhorf fólks til ákveðinna atriða. Ekki er því hægt að fullyrða að niðurstöður séu marktækar þar sem skoðanir og viðhorf er oft erfitt að mæla í tölum. Einnig er sú áhætta alltaf til staðar að þátttakendur svara því sem þeir telja samfélagslega rétta svarið eða svarið sem er óskað eftir í stað þess að svara eftir eigin skoðunum.

Sumar spurningar innihalda orðalagið verulegar skekkjur og óverulegar skekkjur. Viðmælendur gætu lagt mismunandi merkingu í orðalagið og þar af leiðandi haft ólíkar forsendur fyrir svörum við þeim spurningum.

Í fyrirmyndarrannsókn Hassink o.fl. (2009) eru spurningarnar skilgreindar miðað við hvaða væntingabili þær tilheyra. Í Hollandi þar sem rannsóknin var framkvæmd gilda ekki allar sömu reglur varðandi endurskoðendur og sviksemi og hér á landi. Hollensk lög og reglur ganga lengra hvað varðar uppsögn endurskoðandans vegna athafnaleyfi stjórnar í sviksemismálum. Á Íslandi gilda ekki slíkar reglur og geta því spurningar í þessari rannsókn verið hluti af öðru væntingabili en í Hollensku rannsókninni. Þær spurningar sem um ræðir eru númer 29 og 30.

6.5 Úrvinnsla gagna

Niðurstöður spurningakönnurinnar voru unnar með því að framkvæma t-próf til að komast að því hvort það sé marktækur munur á milli svara hjá hópunum. Jákvætt t-gildi þýðir að fyrra meðaltal er hærra en það seinna, neikvætt t-gildi þýðir að seinna meðaltalið er hærra en það fyrra. Öryggismörk (e. alpha level) voru valin til að meta hversu marktækar niðurstöðurnar eru. Í félagsvísindum er almennt viðmið 0,05 sem þýðir að í fimm skiptum af hundrað kemur út tölfræðilegur marktækur munur á meðaltölum þrátt fyrir að það sé ekki marktækni eða að munurinn sé tilviljunarkenndur (Trochim, 2006). Það eru þá 95% líkur á því að munurinn sé til staðar.

Spurningalistarnir hafa 7 svarmöguleika við hverri spurningum í tölum. Tölurnar þýða eftirfarandi:

1. Nei mjög ósammála
2. Ósammála
3. Fremur ósammála
4. Hvorki sammála né ósammála
5. Lítið sammála
6. Fremur sammála
7. Já mjög sammála

7 Svör við spurningakönnun

Könnunin var send út í febrúar 2016 og var opin í tvær vikur og á þeim tíma bárust 192 svör frá þátttakendum sem svöruðu spurningalistanum í heild sinni eða að hluta til. Í töflu 1 sést hlutfall stjórnenda og endurskoðenda sem svöruðu könnuninni.


Tafla 1. Svarhlutfall þátttakenda

	Samtals	Stjórnendur	Endurskoðendur	Bankastarfsmenn á fyrirtækjasviði
Úrtak	485	151	334	0
Svar	192	78	114	0
Svarhlutfall	39,6%	51,7%	34,1%	0,0%

Þar sem spurningalistinn var sendur út í febrúar 2016 og getur það mögulega skýrt að hluta hvers vegna þátttaka endurskoðenda var lítil því það eru yfirleitt miklar annir hjá endurskoðendum á þessum árstíma.


7.1 Spurningar um viðmælendur

Í hópi stjórnenda voru svarendur 73% karlar og 26% konur. Aldursdreifing þeirra sést á mynd 2. Langflestir svarendur eru á bilinu 50 til 60 ára og þar á eftir 40 til 50 ára.



Mynd 2 Aldursdreifing stjórnenda

Í hópi endurskoðenda var kynjahlutfallið 78% karlar og 22% konur. Aldursdreifing þeirra sést á mynd 3 og þar sést að þeir endurskoðendur sem svöruðu voru frekar dreifðir í aldri.



Mynd 3. Aldursdreifing endurskoðenda

Flestir stjórnendur höfðu lokið háskólamenntun eða 77,5% og meira en helmingur þeirra höfðu einnig lokið framhaldsháskólamenntun. Aðeins 75% endurskoðenda völdu löggildingu í endurskoðun sem hæsta menntunarstigi lokið sem veltir fram spurningunni hvernig endurskoðendur skildu þá spurningu þar sem allir endurskoðendur sem fengu spurningalistann hafa lokið löggildingu í endurskoðun. Það getur hugsast að sumir líta ekki á löggildingu sem menntunarstig og hafa því ekki litið á það sem valkost.

7.2 Skilgreining á sviksemi og alvarleiki brota

Svörin frá stjórnendum og endurskoðendum voru borinn saman með því að framkvæma t-próf þar sem marktækni var miðuð við $P=0,05$. Á mynd 1 var væntingabili skipt í þrjá flokka eftir því hvaða orsök væntingabilið stafaði af. Hver spurning er skilgreind í einum hluta væntingabilsins þ.e. sem væntingabil vegna ónægrar frammistöðu af hálfu endurskoðandans, ófullnægjandi staðlar eða reglur sem endurskoðandinn vinnur eftir eða óraunhæfar væntingar af hálfu samfélagsins. Í samhengi við ritgerðina þá er um að ræða væntingar stjórnenda.

Í töflu 2 er að finna svör við spurningum sem mælir hvað stjórnendur og endurskoðendur skilgreina sem sviksemi. Ekkert væntingabil mældist við spurningu 1 og

5 sem þýðir að bæði endurskoðendur og stjórnendur eru sammála um að þjófnaður á eignum vinnuveitenda og að villa um fyrir þriðja aðila sé skilgreint sem sviksemi enda meðaltal svara yfir 6 í báðum hópum. En þegar kemur að vitneskju um brot á reikningsskilareglum, lögum og reglum fyrirtækis mælist væntingabil á milli hópanna. Stjórnendur telja það alvarlegri sviksemi en endurskoðendur þegar brot á lögum og reglum eiga sér stað.

Tafla 2. Skilgreining á sviksemi.

Spurningar	Stjórnendur	Endurskoðendur	T próf	p-gildi	Tegund væntingabils	Væntingabil staðfest	
Sviksemi er:							
1	Þjófnaður á eignum fyrirtækisins (vinnuveitanda)	6,43	6,11	1,7087	0,0894	Frammistöðu	nei
2	Vitneskja um að ekki er farið eftir ársreikningalögum eða öðrum lögum sem tengjast gerð ársreikninga	5,93	5,31	2,5462	0,0118	Frammistöðu	já
3	Vitneskja um að ekki er farið eftir settum reikningsskilareglum (t.d. IFRS)	5,68	5,11	2,3182	0,0217	Frammistöðu	já
4	Vitneskja um brot á reglum fyrirtækisins	5,64	5,12	2,2928	0,0232	Frammistöðu	já
5	Visvitandi að villa um fyrir þriðja aðila	6,21	6,25	-0,2661	0,7906	Frammistöðu	nei

Þegar kemur að því að meta hversu alvarleg brot eru mælist engin marktækur munur á svörum hjá stjórnendum og endurskoðendum. Því má álykta að þessir hópar líta á sviksemi jafn alvarlegum augum sama hvaða stöðu innan fyrirtækisins aðilinn hefur sem stundar það. Einnig skiptir það ekki máli hvort það sé stundað innan fyrirtækisins eða við viðskiptavini þess sbr. tafla 3.

Tafla 3. Alvarleiki brota.

Spurningar	Stjórnendur	Endurskoðendur	T próf	p-gildi	Tegund væntingabils	Væntingabil staðfest	
Alvarleiki brota							
6	Sviksemi stjórnenda er alvarlegri heldur en sviksemi annarra starfsmanna	5,24	5,61	-1,3955	0,1651	Frammistöðu	nei
7	Sviksemi í eigin þágu er alvarlegri heldur en sviksemi til framdráttar fyrirtækinu	4,23	3,66	1,8590	0,0652	Frammistöðu	nei
8	Sviksemi við viðskiptavini fyrirtækisins er alvarlegri heldur en sviksemi sem er stundað innan þess	3,88	3,78	0,3624	0,7177	Frammistöðu	nei

Þegar kemur að ábyrgð endurskoðandans varðandi uppgötvun á sviksemi mælist marktækur munur á svörum endurskoðenda og stjórnenda í öllum fjórum spurningunum sem snúa að því eins og sést í töflu 4. Stjórnendur álita það mun meira á

ábyrgð endurskoðandans að uppgötva svik heldur en endurskoðendur gera. Væntingabilið sem þetta snýr að er bæði vegna frammistöðu og væntinga. Aftur á móti er ekkert væntingabil varðandi hvort endurskoðandi skuli rannsaka nánar ef grunsemdir um svik eru til staðar. Báðir hópar hafa hátt meðaltal svara þegar kemur að því hvort rannsaka skuli nánar sviksemi sem hefur veruleg áhrif á reikningsskilin en lægra meðaltal þegar áhrifin eru ekki þekkt eða óveruleg.

Tafla 4. Ábyrgð endurskoðenda.

Spurningar	Stjórnendur	Endurskoðendur	T próf	p-gildi	Tegund væntingabils	Væntingabil staðfest	
Endurskoðendur ættu að uppgötva:							
9	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilum þegar einn aðili stundar sviksemi	6,17	5,40	4,0752	0,0001	Frammistöðu	já
10	Sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningsskilum þegar einn aðili stundar sviksemi	4,66	2,43	8,6200	0,0000	Frammistöðu	já
11	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilum þegar fleiri aðilar stunda sviksemi í sameiningu	6,16	5,10	5,0175	0,0000	Væntingar	já
12	Sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningsskilum þegar fleiri aðilar stunda sviksemi í sameiningu	4,81	2,45	9,2209	0,0000	Væntingar	já
Endurskoðendur ættu að rannsaka nánar ef þá grunar:							
13	Sviksemi stjórnenda sem mun líklega leiða til verulegrar skekkju í reikningsskilunum	6,45	6,64	-1,6814	0,0956	Frammistöðu	nei
14	Sviksemi annarra starfsmanna sem mun líklega leiða til verulegrar skekkju í reikningsskilunum	6,41	6,59	-1,6647	0,0984	Frammistöðu	nei
15	Sviksemi stjórnenda sem óvíst er hversu mikil áhrif hefur á reikningsskilin	6,01	6,22	-1,3997	0,1640	Frammistöðu	nei
16	Sviksemi annarra starfsmanna sem óvíst er hversu mikil áhrif hefur á reikningsskilin	5,83	5,93	-0,5386	0,5910	Frammistöðu	nei
17	Sviksemi stjórnenda sem hefur ekki veruleg áhrif á reikningsskilin	5,43	5,21	0,8151	0,4164	Frammistöðu	nei
18	Sviksemi annarra starfsmanna sem hefur ekki veruleg áhrif á reikningsskilin	5,12	4,74	1,2935	0,1979	Frammistöðu	nei

Í töflu 5 er að finna samanburð á svörum sem tengjast tilkynningarskyldu endurskoðenda. Ekkert væntingabil er til staðar þegar spurt er hvort endurskoðandi skuli tilkynna stjórn eða yfirvöldum um sviksemi. En væntingabil er til staðar þegar kemur að því hvort endurskoðandi skuli tilkynna almenningi um sviksemi í áritun sinni. Þar eru það stjórnendur sem telja að það sé meira viðeigandi en endurskoðendur. En meðalsvörun stjórnenda er 3,68 sem þýðir að meðaltalið er nálægt því að vera hlutlaust í þessari spurningu á meðan endurskoðendur eru aðeins meira ósammála því með meðaltal upp á 2,86.

Aftur á móti mælist væntingabil varðandi allar spurningar sem snúa að því hvort endurskoðandi skuli tilkynna yfirvöldum um sviksemi ef stjórnin aðhefst ekkert þegar sviksemi hefur komið í ljós. Stjórnendur meira sammála en endurskoðendur um að tilkynna skuli sviksemi til yfirvalda. Væntingabil vegna þessa tengist bæði stöðlum/reglum og frammistöðu endurskoðenda.

Tafla 5. Tilkynningarskylda endurskoðenda.

Spurningar	Stjórnendur	Endurskoðendur	T próf	p-gildi	Tegund væntingabils	Væntingabil staðfest	
Endurskoðendur ættu að tilkynna stjórn félags um:							
19	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum	6,75	6,76	-0,1370	0,8912	Frammistöðu	nei
20	Sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningsskilunum	5,85	6,22	-1,7452	0,0837	Staðlar/reglur	nei
Endurskoðendur ættu að tilkynna yfirvöldum um:							
21	Sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningsskilunum	3,62	3,24	1,1847	0,2381	Staðlar/reglur	nei
Endurskoðendur ættu að tilkynna almenningi (í áritun sinni) um:							
22	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum	5,86	5,70	0,6060	0,5455	Staðlar/reglur	nei
23	Sviksemi sem leiðir ekki til verulegrar skekkju í reikningsskilunum	3,68	2,86	2,4992	0,0136	Staðlar/reglur	já
Endurskoðendur ættu að tilkynna yfirvöldum ef stjórnin viðhefst ekkert þegar um er að ræða:							
24	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum	5,67	4,39	4,2651	0,0000	Staðlar/reglur	já
25	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum sem uppgötvast við lögbundna endurskoðun	5,76	4,39	4,6794	0,0000	Frammistöðu	já
26	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum sem uppgötvast við valkvæða endurskoðun	5,44	4,33	3,6408	0,0004	Staðlar/reglur	já
27	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum sem uppgötvast við ráðgjafarþjónustu	5,14	3,74	4,4863	0,0000	Staðlar/reglur	já
28	Sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningsskilunum	5,14	2,73	4,6404	0,0000	Staðlar/reglur	já


Tafla 6. Óhæði endurskoðenda.

	Spurningar	Stjórnendur	Endurskoðendur	T próf	p-gildi	Tegund væntingabils	Væntingabil staðfest
Endurskoðendur ættu að segja sig frá verkefni ef stjórnin viðhefst ekkert vegna ábendingar endurskoðandans um:							
29	Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum	5,59	5,65	-0,2151	0,8300	Staðlar/reglur	nei
30	Sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningsskilunum	3,86	3,34	1,9283	0,0559	Staðlar/reglur	nei
31	Sviksemi stjórnenda	5,40	5,30	0,3465	0,7295	Staðlar/reglur	nei
32	Sviksemi annara starfsmanna	4,75	4,42	1,1079	0,2698	Staðlar/reglur	nei
Eru endurskoðendur nægilega óháðir til að ýta á viðskiptavin til að aðhafast ef um er að ræða:							
33	Sviksemi stjórnenda	4,90	5,71	-3,1769	0,0019	Frammistöðu	já
34	Sviksemi annara starfsmanna	5,02	5,71	-2,7341	0,0071	Frammistöðu	já

Tafla 6 sýnir niðurstöður vegna spurninga sem tengjast óhæði endurskoðandans. Þegar kemur að því hvort endurskoðandi ætti að segja sig frá verkefni ef stjórnin aðfest ekkert vegna ábendinga endurskoðandans um sviksemi þá mælist ekkert væntingabil. Þegar spurt er hvort endurskoðendur séu nægilega óháðir félaginu til að þrýsta á viðskiptavin til að bregðast við sviksemi mælist væntingabil.

8 Væntingabil

Í þessum kafla verða tekin saman þau væntingabil sem mældust í rannsókninni og flokkuð saman undir þeim þremur flokkum sem kom fram í mynd 1.



Mynd 1: Uppbygging á væntingabili í endurskoðun (Porter, 1993)

1. Núverandi skyldur og ábyrgð endurskoðenda eins og kemur fram í lögum og reglum
2. Raunhæf frammistaða sem vænst er af endurskoðendum.

8.1 Ónæg frammistaða

Þegar kemur að væntingabili vegna frammistöðu endurskoðenda mælist munur á fjórum af fimm flokkum sem spurningunum var skipti í. Það fyrsta varðar brot á reglum og lögum en stjórnendur líta á slíkt alvarlegri augum en endurskoðendur. Varðandi hvað endurskoðendum ber að uppgötva varðandi sviksemi þá telja stjórnendur það vera meira á ábyrgð endurskoðenda en endurskoðendur sjálfir gera. Þó er munurinn ekki mjög mikill en meðaltal svara var 6,17 hjá stjórnendum og 5,4 hjá endurskoðendum. Stjórnendur voru meira sammála því að endurskoðendum ber að tilkynna sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum til yfirvalda þegar stjórnin viðhefst ekkert heldur en endurskoðendur. Einnig mælist væntingabil milli hópanna varðandi óhæði endurskoðandans. Í fyrirmyndarrannsókn Hassink o.fl. (2009) mældist væntingabil vegna ónægrar frammistöðu varðandi skyldu endurskoðandans til að rannsaka nánar ef þá grunaði sviksemi. Slíkt mældist ekki í þessari rannsókn enda er það skylda endurskoðandans að rannsaka ef upp koma grunsemdir um sviksemi líkt og kom fram í umfjöllun um ISA 240.

8.2 Ónægir staðlar/reglur

Mest mældist væntingabil sem tengist regluverki þegar kemur að því hvenær endurskoðendur ættu að tilkynna yfirvöldum um sviksemi þegar stjórnin viðhefst ekkert. Einnig var væntingabil þegar kemur að því hvort endurskoðendur ættu að tilkynna almenningi um sviksemi en hvorki endurskoðendur né stjórnendur mældust með jákvæð svör um að slíkt skuli vera gert. Í fyrirmyndarrannsókn mældust stjórnendur einnig með hlutlausu svörun gagnvart því að tilkynna almenningi í áritun sinni um sviksemi en endurskoðendur voru á móti því. Skoðanir í Hollandi og hér á landi benda til þess að hvorugir hópar vilja fara þá leið að opinbera það ef sviksemi hefur átt sér stað.

8.3 Óraunhæfar væntingar


Þegar kemur að því hvað endurskoðanda ber að uppgötva varðandi sviksemi þá mælist töluvert væntingabil hvort sem það hefur veruleg eða óveruleg áhrif á reikningsskilin. Stjórnendur telja það mun meira til ábyrgðarhlutverks endurskoðandans heldur en endurskoðendur. En þar sem endurskoðendur fara yfir reikningsskilin og með það í huga að engar rangfærslur eða skekkjur séu hærri en mikilvægismörkin má álykta að það sé í raun ekki á ábyrgð hans að koma upp um minniháttar svik. Þó verður endurskoðandinn að bregðast við ef hann verður var við sviksemi.

9 Niðurstöður

Af þeim 34 spurningum sem lagðar voru fyrir mældist væntingabil vegna 15 þeirra. Til að greina hversu mikilvæg þessi atriði voru fyrir stjórnendur er sýnt á mynd 4 hversu hátt hlutfall var sammála spurningunum. Með sammála er átt við það hlutfall af stjórnendum sem svöruðu viðkomandi spurningu með 5, 6 eða 7 á Likert kvarðanum. Myndin sýnir því sjónarhorn stjórnenda.

Mynd 4 er þannig byggð upp að allar þær spurningar sem mældust með væntingabil voru settar upp myndrænt til að sýna samhengi milli væntingabilsins og hversu mikilvæg hvert atriði/spurning er fyrir stjórnendur í heild. Punktarnir á myndinni sýna hvar hver spurning er staðsett og formin sýna mismunandi tegundir af væntingabili sbr. mynd 1. Y-ásinn sýnir muninn á meðaltölum á milli stjórnenda og endurskoðenda þ.e. því neðar sem punkturinn er á myndinni því lægri munur er á meðaltali svara frá stjórnendum og endurskoðendum. X-ásinn sýnir hversu hátt hlutfall stjórnenda voru sammála spurningunni. Númerin á punktunum er hægt að rekja til taflna 2-6 til að sjá hvaða spurning tilheyrir hvaða punkti. Myndinni er skipt í fjóra hluta og alvarleiki væntingabilsins metinn út frá hvar hún er staðsett á myndinni.

Þær spurningar sem mældust með hæst væntingabil sést í fjórðungi 3. Þar er munur á meðaltali svara frá stjórnendum og endurskoðendum meira en 1,25 og yfir helmingur stjórnenda voru sammála. Í fjórðungi 4 sjást þær spurningar sem stjórnendur voru sammála um en munur á meðaltali svara milli hópa er lægri en í 3. fjórðungi. Í fjórðungi 1 eru þær spurningar þar sem hátt væntingabil er til staðar en stjórnendur eru ekki sammála í svörun sinni. Í fjórðungi 2 eru þau svör þar sem lágt væntingabil mælist en aftur á móti eru stjórnendur ekki sammála í svörum.



Mynd 4. Spurningar sem mældust með væntingabil.

Það eru fjórar spurningar sem mælast með bæði hátt væntingabil og hátt hlutfall stjórnenda er sammála spurningunni.

9.1 Skylda endurskoðenda til að uppgötva sviksemi.

Spurning 10 og 12 varða væntingabil í mynd 1 sem snýr að óraunhæfum/óréttmætum væntingum. Þær spurningar eru:

- 10. Endurskoðendur ættu að uppgötva: Sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningskilum þegar einn aðili stundar sviksemi.
- 12. Endurskoðendur ættu að uppgötva: Sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningskilum þegar fleiri aðilar stunda sviksemi í sameiningu.

Þessi niðurstaða bendir til þess að stjórnendur leggja meiri ábyrgð á endurskoðendur en raunhæft er að ætlast til af þeim. Eins og fram kom í kafla 5.6 þá fer endurskoðandinn eftir mikilvægismörkum þegar hann skipuleggur og framkvæmir sína vinnu. Ef endurskoðandinn metur upphæð óverulega og telur ekki að hún hafi áhrif á notanda reikningskilanna þá getur það leitt til að hún verði ekki skoðuð.

Í hollensku rannsókninni sem þessi rannsókn er byggð á kemur einnig fram væntingabil vegna ábyrgðar endurskoðandans til að koma upp um sviksemi. Þar er ráðlagt að stjórnendur þyrftu að vera betur upplýstir um tilgang og takmarkanir sem

endurskoðun felur í sér. (Hassink o.fl., 2009). Því þrátt fyrir að endurskoðendur skulu staðfesta að reikningsskilin í heild sinni séu laus við verulegar villur og alltaf hafa í huga möguleikann á villum vegna sviksemi þá getur það verið mjög erfitt að koma upp um skipulögð svik sem hafa verið falin af þeim sem leggja fram reikningsskilin. Sérstaklega ef um stjórnendur er að ræða vegna þeirrar þekkingar og skilnings á kerfum fyrirtækisins og vegna stöðu þeirra geta þeir sniðgengið þær aðgerðir sem eiga að koma í veg fyrir sviksemi. Væntingabil sem mælist vegna þessara atriða er því ekki einsdæmi á Íslandi.

Fram kemur í lögum um hlutafélög að stjórnendur bera ábyrgð á bókhaldi félagsins og mikilvægt er að þeir geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir og uppgötvi sviksemi ef slíkt á sér stað en geri ekki eingöngu ráð fyrir því að sviksamleg athæfi komi upp við endurskoðun.

Fyrirhugaðar breytingar á áritun endurskoðenda geta mögulega átt þátt í því að minnka þennan hluta væntingabilsins, en þar sem þær hafa ekki komið í framkvæmd enn er ekki hægt að fullyrða um hvaða áhrif breytingarnar munu hafa. Áhugavert væri að framkvæma samskonar rannsókn og þessi þegar áritanir breytast með tilkomu nýs staðals.

9.2 Tilkynningarskylda endurskoðenda við lögbundna endurskoðun

Spurning 25 tengist væntingabili vegna frammistöðu endurskoðenda.

- 25. Endurskoðendur ættu að tilkynna yfirvöldum ef stjórnin viðhefst ekkert þegar um er að ræða: Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum sem uppgötvast við lögbundna endurskoðun.

Stjórnendur telja frekar að endurskoðendur ættu að tilkynna yfirvöldum um sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í endurskoðun heldur en endurskoðendurnir sjálfir telja. Eins og fram hefur komið þá hafa endurskoðendur þagnarskyldu gagnvart viðskiptavinum sínum nema það komi upp atvik þar sem lögbrot á sér stað. Það skiptir því máli hvort sviksemin eigi sér stað innan félagsins eða hvort það brýtur í bága við lög t.d. skattalög. Endurskoðandinn þarf því alltaf að hafa í huga hvenær hann má rjúfa þagnarskyldu sína og tilkynna brot. Ef félagið er skilgreint sem eining tengd almannahagsmunum er tilkynningarskylda hans ríkari en ef um er að ræða hlutafélag í einkaeigu sbr. kafla 4.11. Endurskoðandi getur ekki brotið gegn þagnarskyldu með því að tilkynna um sviksemi til yfirvalda ef stjórn vill ekkert aðhast. Stjórnendur félags geta því

ákveðið að halda svikseminni leyndri ef engin utanaðkomandi aðili tengist málinu en þá þarf endurskoðandinn að meta hvort sviksemi hafi slík áhrif á reikningsskilin að veruleg skekkja myndast og þá getur hann ekki áritað reikningsskilin fyrirvaralaust. Í rannsókn Hassink o.fl.(2009) mældist ekkert væntingabil þegar kom að ábyrgð endurskoðandans að tilkynna sviksemi til yfirvalda nema þegar um var að ræða sviksemi sem leiðir til óverulegrar skekkju í reikningsskilunum. En minni væntingabil þar í landi er skiljanlegt því þarlend lög skylda endurskoðendur í ríkari mæli til að tilkynna yfirvöldum um sviksemi sem upp kemur í endurskoðun.

Sú hættu sem stafar af því að gera endurskoðendum skylt að tilkynna sviksemi til yfirvalda er að það skaði ímynd og rekstur félagsins ef slíkt verður gert opinbert. Það er því mjög vandasamt að finna lausn á þessu væntingabili því alltaf þarf að hafa í huga kostnaðarábatann af slíkri lausn. Stjórnendur geta til dæmis samið við þá aðila sem stundað hafa sviksemi um endurgreiðslu og afgreitt málið án utanaðkomandi aðila. Slíkt á þó einungis við um þau félög sem eru ekki PIE félög því þar gilda strangari reglur um tilkynningaskyldu.

9.3 Tilkynningarskylda endurskoðenda við ráðgjafarþjónustu

Þriðji og síðasti hluti væntingabilsins er vegna þess að væntingar til endurskoðunar og það regluverk sem þeir starfa uppfyllir ekki væntingar þeirra sem lesa reikningsskilin.

- 27. Endurskoðendur ættu að tilkynna yfirvöldum ef stjórnin viðhefst ekkert þegar um er að ræða: Sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum sem uppgötvast við ráðgjafarþjónustu.

Það mælist hátt væntingabil vegna þeirrar ábyrgðar á endurskoðandanum að hann skuli tilkynna sviksemi sem kemur upp við ráðgjafarþjónustu. Slíkt væntingabil mældist ekki í rannsókn Hassink o.fl. (2009). Slíkt bendir til að vilji er hjá báðum stéttum að herða regluverkið varðandi tilkynningaskyldu endurskoðandans til yfirvalda (Hassink o.fl. 2009).

9.4 Stjórnendur sammála og lágt væntingabil.

Í þessum kafla er farið yfir þær spurningar sem eru í 4. fjórðungi á mynd 5. Þar mælist mikil samstaða í svörun stjórnenda en minna væntingabil en í 3. fjórðungi.

Mælt væntingabil í spurningum 2,3 og 4 er skilgreint sem væntingabil vegna ónægrar frammistöðu af hálfu endurskoðandans. Væntingabil vegna skilgreiningar á sviksemi mældist ekki í rannsókn Hassink o.fl. (2009). Þrátt fyrir að mikil samstaða meðal stjórnenda vegna þessa spurninga eða yfir 80% þá er væntingabilið ekki hátt og munurinn á meðaltölum er í kringum 0,5.

Spurningar 9 og 11 sýna mestu samstöðu meðal stjórnenda. Báðar spurningar eru vegna skyldu endurskoðandans til að uppgötva sviksemi sem leiðir til verulegrar skekkju í reikningsskilunum. Seinni spurningin snýr að því hvort endurskoðendum ber að koma upp um sviksemi sem fleiri en einn aðili stunda í sameiningu. Spurning 9 tengist væntingabili vegna ófullnægjandi frammistöðu endurskoðandans. Þ.e. samkvæmt sniði þessarar rannsóknar og fyrirmyndarrannsókn Hassink o.fl. (2009) þá bendir þessi spurning til að endurskoðendur eru ekki nægileg meðvitaðir um þeirra ábyrgð gagnvart þessu. Því samkvæmt skilgreindu markmiði endurskoðandans ber honum að veita hæfilega vissu gagnvart því að veruleg skekkja er ekki til staðar í reikningsskilunum. Aftur á móti er það vitað að vegna eðli endurskoðunarinnar er alltaf möguleiki á að sviksemi verði ekki uppgötvuð. Því getur reynst mjög erfitt að brúa þetta væntingabil nema það myndi standa til að breyta ferli og tilgangi endurskoðunar.

Væntingabil vegna spurningu 26 er skilgreint sem væntingabil vegna ónægra staðla/reglna. Spurningin fjallar um tilkynningarskyldu endurskoðandans vegna valkvæðrar endurskoðunar. Slíkt væntingabil mældist ekki í rannsókn Hassink o.fl. (2009). Líkt og var tekið fram áður þá getur verið vandasamt fyrir endurskoðandann að ákveða hvenær honum beri að rjúfa þagnarskyldu sína og hvenær ekki. Því getur hann ekki tilkynnt til yfirvalda nema brotið sé slíkt að það varði við brot á lögum.

Mælt væntingabil vegna spurninga 33 og 34 varða óhæði endurskoðandans og hvort hann sé nægilega óháður viðskiptavini sínum til að þrýsta á stjórnendur til að bregðast við. Í fyrirmyndarrannsókn Hassink o.fl. (2009) mælist einnig væntingabil vegna s beggja þessara spurninga en aftur á móti mælast stjórnendur ekki mikið sammála. Þess vegna var niðurstaða Hassink o.fl. (2009) að engar aðgerðir væru þarfar vegna þessa.

9.5 Stjórnendur sammála og hátt væntingabil.

Í fjórðungi 1 sjást þær spurningar sem mældust með háu væntingabili og minni samstöðu milli stjórnenda. Spurningar 28 og 24 er staðsettar í þessum hluta. Í spurningu

24 er verið að spyrja um skyldu endurskoðandans að tilkynna yfirvöldum þegar veruleg sviksemi hefur komist upp. Athyglisvert er að spurning 24 og 25 eru frekar líkar en svörunin frekar ólík. Erfitt er að meta hvaða skilning þáttakendur hafa lagt í þær spurningar.

Spurning 28 fjallar um tilkynningarskyldu endurskoðandans vegna óverulegrar skekkju og það tengist væntingabili vegna ónæggra staðla/reglna. En þegar endurskoðandinn fer yfir reikningsskil þá ber honum að meta hvort þau séu laus við verulegar skekkjur og því geta skekkjur sem eru til staðar en metnar þess eðlis að þær munu ekki hafa áhrif á notandann.

9.6 Stjórnendur lítið sammála og lágt væntingabil

Í fjórðungi 2 sést eina spurningin sem mældist með lágt væntingabil og litla samstöðu milli stjórnenda. Þær spurningar sem lenda í þeim fjórðungi eru ekki taldar skipta nægilega miklu máli fyrir stjórnendur til að það þyrfti að bregðast við. (Hassink o.fl., 2009)

Eitt sem var áhugavert gagnvart öllum þeim spurningum sem mældust með væntingabil. T-gildið var jákvætt við öll slík tilfelli sem þýðir að stjórnendur eru meira sammála fullyrðingunni en endurskoðendur í öllum væntingabilum. Ef neikvætt t-gildi hefði fengist hefði verið um að ræða væntingabil þar sem endurskoðendur hefðu verið meira sammála spurningunni en stjórnendur. Þá hefði í raun ekki verið væntingabil sem skapar nein vandamál þar sem væntingar stjórnenda til endurskoðandans væru ekki til staðar. Ef endurskoðandinn telur sig bera ábyrgð og vinnur meiri og ítarlegri vinnu en stjórnendur ætlast til þá verður ekkert væntingabil til staðar og endurskoðandinn jafnvel að standa sig betur en stjórnendur eru með væntingar um (Hassink o.fl., 2009).

9.7 Tillögur um úrbætur

Í fyrirmyndarrannsókn Hassink o.fl. (2009) komu fram tillögur til að minnka það væntingabil sem mældist í rannsókninni. Vegna væntingabils sem stafar af ónægri frammistöðu endurskoðenda var mælt með frekari þjálfun fyrir endurskoðendur og áherslu á að ráðfæra sig við samstarfsmenn ef endurskoðandinn er í vafa um eitthvað. Varðandi væntingabil vegna ófullnægjandi regluverks var sú tillaga að breyta núverandi reglum til að koma á móts við væntingar. Þegar kom að væntingabili vegna óraunhæfra

væntinga þá var þar tillaga að bæta vitneskju um hvað endurskoðun felur í sér og hvaða takmarkanir hún hefur.

Í kjölfar rannsóknar Hassink o.fl. (2009) var brugðist við í Hollandi með því að skylda endurskoðendur á námskeið til að þeir væru betur meðvitaðir um þeirra hlutverk í sviksemismálum. Einnig voru þarlend lög hert til að minnka væntingabil vegna ónægs regluverks. Vert er að taka fram að skyldur endurskoðenda í Hollandi eru viðameiri en á Íslandi þar sem hollenskir endurskoðendur bera skyldu til að segja sig frá verkum ef ekki eru brugðist við ábendingum endurskoðenda vegna sviksemi. Einnig ber þeim skylda til að tilkynna yfirvöldum um sviksemi innan félags sem ekki er brugðist við af hálfu félagsins.

9.8 Aðrar niðurstöður

Rannsóknir í öðrum löndum hafa einnig sýnt fram á að því að væntingabil í endurskoðun varðandi sviksemi er til staðar þar. Þær rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar með svipuðu sniði í Egyptalandi (Dixon o.fl. 2006), Singapore (Best o.fl. 2001) og Malaysiu (Fadzly, 2004) komust að svipuðum niðurstöðum. Það er að þegar kemur að sviksemi þá eru stjórnendur og endurskoðendur ekki sammála um hlutverk og ábyrgð endurskoðandans. Þær úrbætur sem hafa verið lagðar til eru meðal annars að lengja áritun endurskoðenda svo lesandinn átti sig betur á hvaða vinnu endurskoðandinn hefur framkvæmt varðandi reikningsskilin og hvaða ábyrgð hann ber. Eins og fram hefur komið þá má búast við áritun endurskoðandans verði ítarlegri þegar nýjir ISA staðlar um áritanir taka gildi.

10 Umræður

Væntingabil í endurskoðun hefur lengi verið til staðar og þegar kemur að sviksemi þá er því oft haldið fram að endurskoðendur skuli koma auga á slíkt. Þrátt fyrir að það er ekki á ábyrgð endurskoðandans, hvorki samkvæmt þeim íslensku lögum sem honum ber að fylgja né alþjóðlegu endurskoðunarstöðlum sem unnið er eftir víðs vegar í Evrópu. Hafa ber í huga að staðlarnir hafa ekki verið þýddir á íslensku né aðlagðir íslenskum aðstæðum.

Sviksemi getur verið mjög dýr bæði fyrir það félag sem verður fyrir slíku sem og þá einstaklinga sem það stunda. Ekki einungis geta félög orðið fyrir fjárhagslegu tjóni heldur getur orðspor þess beðið hnekkis af slíkur athæfi. Þess vegna er mjög mikilvægt að félög hagi starfsemi sinni á slíkan hátt að það geri einstaklingum erfitt fyrir að stunda sviksemi og auðvelt fyrir félagið að uppgötva slík athæfi.

Miðað við niðurstöður þessa rannsóknar er enn langt í land á Íslandi áður en stjórnendur og endurskoðendur verða sammála um ábyrgðarhlutverk hvers og eins. Samt verður að hafa takmarkanir rannsóknarinnar í huga þegar niðurstöðurnar eru túlkaðar. Í Hollandi var brugðist við væntingabili með því að herða regluverk í kringum skyldur endurskoðenda og aukin fræðsla til endurskoðenda vegna þeirra skyldu. Þar sem tilkynningarskylda íslenskra endurskoðenda er ekki jafn mikil og í Hollandi væri það rökrétt fyrsta skrefið hér á landi að breyta starfsskyldum endurskoðenda áður en ráðist væri út í frekari aðgerðir. Á Íslandi er tilkynningarskylda endurskoðenda bundin við að lögbrot hafa átt sér stað. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir endurskoðandann ef hann brýtur þagnarskyldu sína með tilkynningu til yfirvalda án þess að hafa fullnægjandi forsendur fyrir slíku. Óháð því hvort tilkynning sé á rökum reist og ætti ekki að hafa afleiðingar í för með sér þá er hægt að velta því fyrir sér hvort endurskoðendur verða endurráðnir hjá félagi sem þeir hafa tilkynnt til yfirvalda. En ef upp kemst sviksemi innan félags sem ekki snertir viðskiptavinum þess né yfirvöld þá ber endurskoðandanum ekki að tilkynna slíkt athæfi til yfirvalda. Það sem endurskoðandanum ber að gera er að meta hvort sviksemin hafi veruleg áhrif á reikningskilin og þá þarf hann að meta hvort það hafi áhrif á áritunina.

Heimildaskrá

300 stærstu (2015) *Frjáls verslun 8 tbl.*, bls 89-97.

Best, P. J., Buckby, S., & Tan, C. (2001). . Managerial Auditing Journal, 16(3), 134–144.

Bollen, L. H. H., Mertens, G. M. H., & Meuwissen, R. H. G. (2005). *The true causes of business failures*. Financial Times

Directive 2014/56/EU of the European Parliament and of the Council of 16 April 2014 amending Directive 2006/43/EC on statutory audits of annual accounts and consolidated accounts.

Dixon, R., Woodhead, A. D., & Sohlman, M. (2006). An investigation of the expectation gap in Egypt. Managerial Auditing Journal, 21(3), 293–302.

Erling Tómasson. (2010) Ísland og IFRS. FLE blaðið. Sótt 28. apríl af <http://www.fle.is/is/utgafa/fle-bladid-og-fle-frettir>

Fadzly, M. N., & Ahmad, Z. (2004). Audit expectation gap: The case of Malaysia. Managerial Auditing Journal, 19(7), 897–915.

Félag löggiltra endurskoðenda (2011). Siðareglur fyrir endurskoðendur. Sótt 10. janúar af <http://www.fle.is/static/files/2013/sidareglur.pdf>

Félag löggiltra endurskoðenda. (e.d.). *Félagatal*. Sótt 10. Febrúar af <http://www.fle.is/is/felagatal/loggiltir-endurskodendur>.

Gold, A., Gronewold, U., & Pott, C. (2012). The ISA 700 auditor's report and the audit expectation gap—Do explanations matter?. International Journal of Auditing, 16(3), 286-307.

Hildur Ýr Þórðardóttir og Kristín Hreiðarsdóttir (2013) væntingabil milli endurskoðenda og lesendur reikningsskila. Háskólinn í Reykjavík.

Liggio, C. D. (1974). The expectation gap: The accountant's Waterloo. Journal of Contemporary Business, 3(3), 27–44.

H.F.D. Hassink, L.H. Bollen, R.H.G. Meuwissen, M.J. Vries (2009) *Corporate fraud and the audit expectations gap: A study among business managers*. Journal of International Accounting, Auditing and Taxation, 18 (2009), pp. 85–100

International Federation of Accountants. (2015). Auditor Reporting. Sótt 10. Október 2015 af: <http://www.iaasb.org/projects/auditor-reporting>

- International Federation of Accountants (2015). ISA 200 Overall Objectives of the Independent Auditor and the Conduct of an Audit in Accordance with International Standards on Auditing in Handbook of International Quality Control, Auditing, Review, other Assurance, and Review, other Assurance, and Related Services Pronouncements. Sótt 10. febrúar 2016 af: ifac.org
- International Federation of Accountants (2015). ISA 240 The Auditor's Responsibilities Relating to Fraud in an Audit of Financial Statements in Handbook of International Quality Control, Auditing, Review, other Assurance, and Review, other Assurance, and Related Services Pronouncements. Sótt 10. febrúar 2016 af: ifac.org
- International Federation of Accountants (2015). ISA 315 Identifying and Assessing the Risks of Material Misstatement through Understanding the Entity and Its Environment in Handbook of International Quality Control, Auditing, Review, other Assurance, and Review, other Assurance, and Related Services Pronouncements. Sótt 10. febrúar 2016 af: ifac.org
- International Federation of Accountants (2015). ISA320 Materiality in Planning and Performing an Audit in Handbook of International Quality Control, Auditing, Review, other Assurance, and Review, other Assurance, and Related Services Pronouncements. Sótt 10. febrúar 2016 af: ifac.org
- International Federation of Accountants (2015). ISA 330. The Auditor's Procedures in Response to Assessed Risks in Handbook of International Quality Control, Auditing, Review, other Assurance, and Review, other Assurance, and Related Services Pronouncements. Sótt 10. febrúar 2016 af: ifac.org
- KPMG. (2013) Global profiles of the fraudster: White-collar crime – present and future. Sótt 10. Október af:
www.kpmg.com/CEE/en/IssuesAndInsights/ArticlesPublications/Documents/who-is-the-typical-fraudster.pdf
- Michael Rapoport. (2010) Role of Auditors in Crisis Gets Look. *Wall street journal*. Sótt 20. Apríl 2016 af:
<http://www.wsj.com/articles/SB10001424052748703814804576036094165907626>
- Porter, B. (1993), "An Empirical Study of the Audit Expectation-Performance Gap", *Accounting and Business Research*, Vol. 24, pp. 49-68.
- Porter, BA,. (1997) Auditors responsibilities with respect to corporate fraud – a controversial issue, in Sherer M and Turley S (eds) *Current Issues in Auditing* (3rd edn, Paul Chapman 1997)
- Trochim, M. K. William (2006) *The T-Test*. Research Methods Knowledge Base. Sótt 13. apríl af http://www.socialresearchmethods.net/kb/stat_t.php

Íslensk lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008

Lög um fjármálafyrirtæki 161/2002

Lög um ársreikninga nr. 3/2006

Lög um hlutafélög nr. 2/1995

Lög um kauphallir nr. 110/2007

Lög um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994

Dómar

Hrd. 28.apríl 2015 (74/20015).

Hérd. Norðvest. nr. S-25/2014

